



ÁRSSKÝRSLA HSH

2023

Héraðsþing HSH
Langaholti 11.apríl 2024



Ársskýrsla HSH

Umsjón með útgáfu: Gunnhildur Gunnarsdóttir

Prentun: Steinprent

Upplag: 30 stk.



GRUNDARFIJÐARBÆR



**SVEITARFÉLAGIÐ
STYKKISHÓLMUR**



**EYJA- OG
MIKLAHOLTSHREPPUR**



SNÆFELLSBÆR



83. Héraðsþing HSH

1. Þingsetning.
2. Tilnefning þingforseta, varaðingforseta og tveggja þingritara.
3. Skipun kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikningar lagðir fram til samþykktar.
7. Kosning nefnda þingsins:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Íþróttanefnd.
 - c) Allsherjar- og laganefnd.
8. Ávörp gesta.
9. Fjárhagsáætlun lögð fram.
10. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
11. Nefndarstörf.
12. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
13. Kosningar:
 - a) Formaður HSH.
 - b) Aðrir í stjórn og varastjórn.
 - c) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 - d) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
 - e) Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi.
 - f) Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ.
14. Önnur mál.
15. Þingslit.

Efnisyfirlit

83. Héraðsþing HSH	3
Stjórn HSH starfsárið 2023-2024.....	6
Starfsfólk HSH	6
Þingfulltrúar	7
Styrkveitingar HSH	8
Íþróttamaður HSH	10
Skotíþróttamaður og Íþróttamaður HSH 2023	10
Körfuknattleiksmaður HSH 2023.....	10
Kylfingur HSH 2023	10
Knattspyrnumaður HSH 2023	10
Blakíþróttamaður HSH 2023	11
Hestaíþróttamaður HSH 2023.....	11
Vinnuþjarkur HSH 2023.....	11
Sjálfbóðaliðar HSH.....	11
Verkefni HSH á árinu 2023	15
82. Héraðsþing HSH 2023	15
Landsmót UMFÍ 50+	16
Ávarp Gunnars Þórs Gestssonar.....	16
Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkró	21
Arnar Hafsteinsson – Sarcopenia	22
Formannafundir	22
Sambandsþing UMFÍ	23
Frjálsíþróttamót HSH.....	25
Vesturlandssamstarf	26
Fréttapunktur ÍSÍ frá starfsárinu 2023.....	26
Fréttapunktur UMFÍ 2023	29
Mótahald og viðburðir	30
Fræðsla og forvarnir.....	31
Miðlun og samskipti	31
Rekstur	32
Fræðslu- og verkefnasjóður	32
Lottó úthlutunarreglur HSH	36
Lottó uppgjör 2023	37
Ársreikningur HSH.....	38
Ársskýrslur Aðildarfélaga	46

Aðildarfélög og formenn félaga	47
UMF. Eldborg	48
UMF. Snæfell.....	50
Badmintondeild 2023.....	51
Frjálsíþróttadeild 2023	51
Knattspyrnadeild, yngri flokkar 2023.....	53
Körfuknattleiksdeild – meistaraflokkar 2023.....	54
Barna og unglingaráð í körfuknattleik árið 2023	61
Siglingadeild 2023	63
UMF. Grundarfjörður	64
UMF Víkingur/Reynir	68
UMF. Staðarsveit.....	72
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	74
Hestamannafélagið Snæfellingur.....	76
Skotfélag Snæfellsness.....	81
Golfklúbburinn Mostri	91
Golfklúbbur Staðarsveitar	93
Golfklúbburinn Jökull	96
Golfklúbburinn Vestarr	97



Stjórn HSH starfsárið 2023-2024

Formaður	Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson
Varaformaður	Berglind Long
Gjaldkeri	Garðar Svansson
Ritari	Laufey Bjarnadóttir
Meðstjórnandi	Kristfríður Rós Stefánsdóttir

Varastjórn:

Jón Bjarki Jónatansson
Jón Pétur Pétursson
Hildur Þórsdóttir
Þórhalla Baldursdóttir

Starfsfólk HSH

Framkvæmdastjórar Daði Jörgensen og Gunnhildur Gunnarsdóttir sem tók við starfinu 1.júní 2023.

Þingfulltrúar

Félag	Fjöldi félagsmanna	Þingfulltrúar
UMF. Eldborg	73	3
UMF. Staðarsveit	104	3
Íþróttafélag Miklaholtshrepps	97	3
UMF. Víkingur/Reynir	780	5
UMF. Snæfell	651	5
UMF. Grundarfjörður	662	5
Golfklúbburinn Mostri	95	3
Golfklúbburinn Vestarr	285	4
Golfklúbburinn Jökull	90	3
Golfklúbbur Staðarsveitar	21	2
Hestamannafélagið Snæfellingur	281	4
Skotfélag Snæfellsness	221	4
Samtals	3360	43

Úr 15.grein laga HSH

Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:

2 fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn

3 fulltrúa fyrir hverja 51 – 150 félagsmenn

4 fulltrúa fyrir hverja 151 – 300 félagsmenn

5 fulltrúa fyrir hverja 301 – félagsmenn

Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf sem stjórn HSH leggur til.

Styrkveitingar HSH

Reglur um úthlutun styrkja hjá stjórn HSH voru samþykktar á stjórnarfundum HSH haustið 2023.

Reglugerð um styrki stjórnar HSH (verkefnasjóður)

Æfinga- og keppnisferðir liða erlendis	5000 kr. á einstakling
Val í úrvalshóp og unglingalandsmótsþátttaka	8900 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	50.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, innanlands	35.000 kr. á einstakling
Val í landslið	45.000 kr. á einstakling
Nýjungar/sérstök verkefni/fyrirlesarar/kynningar o.fl.	75.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Áhaldakaup, 10% af kostnaðarverði, en þó að hámarki:	100.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50% af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki:	100.000 kr. á félag/nefnd/ráð

Eftirtalin aðildarfélög/einstaklingar sóttu um og fengu styrk á árinu 2023:

Ungmennafélag Grundarfjarðar	66.000 kr.
Ungmennafélag Snæfells	105.000 kr.
Víkingur Ólafsvík	50.000 kr.
Adda Sigríður Ásmundsdóttir – Unglingalandslið	45.000 kr.
Sturla Böðvarsson – Unglingalandslið	45.000 kr.
Samtals	311.000 kr.



ÍFRÓTTAMAÐUR HSH 2023



Íþróttamaður HSH

Kjör íþróttamanns ársins 2023 fór fram í íþróttahúsinu í Stykkishólmi eftir leik Snæfells og Njarðvíkur í Meistaraflokki kvenna í körfubolta. Íþróttafólki-, sjálfbóðaliðum- og vinnuþjörkum HSH voru veittar viðurkenningar fyrir þeirra afrek og störf í þágu HSH.

Skotíþróttamaður og Íþróttamaður HSH 2023

Arnar Geir Diego Ævarsson er Skotíþróttamaður og Íþróttamaður HSH 2023

Arnar Geir hefur verið mjög virkur í starfi félagsins á nýliðnu ári og tekið þátt í fjölda móta. Arnar Geir varð Íslandsmeistari í PRS, en það er tiltölulega ný keppnisgrein á Íslandi þar sem keppt er í riffilskotfimi og keppendur þurfa að skjóta úr fjölbreyttum stellingum. Þetta er 6 móta mótaröð þar sem keppt er um allt land og þrjú bestu mótin telja til stiga. Arnar Geir tók þátt í öllum mótum ársins og stóð uppi sem Íslandsmeistari í verksmiðju floknum, en keppt er í tveimur flokkum, opnum flokki og verksmiðjuflokki. Þá hefur Arnar Geir staðið fyrir útbreiðslu PRS innan félagsins okkar, en hann var m.a. með opna æfingu fyrir félagsmenn og sá einnig um skipulagningu og framkvæmd innanfélagsmóts í greininni þar sem félagsmönnum gafst tækifæri til þess að kynnast þessari nýju keppnisgrein.

Körfuknattleiksmaður HSH 2023

Aron Ingi Hinriksson hefur í gegnum tíðina lagt mikið á sig til þess að spila fyrir Snæfell. Hann lék með Snæfell á meðan hann lærði rafvirkjann á höfuðborgarsvæðinu og æfði með öðrum liðum. Aron Ingi er mikill félagsmaður og er fyrirmynd innan sem utan vallar. Aron Ingi hefur verið máttarstólpi í Snæfells liðinu um árabil og var hann einn af mikilvægustu leikmönnum Snæfells í fyrra sem kom liðinu upp í 1.deild karla. Aron Ingi hefur í gegnum tíðina verið valinn besti varnarmaður Snæfells en hann er oftast en ekki settur til höfuðs sóknarvopna andstæðinganna.

Kylfingur HSH 2023

Sigurþór Jónsson er forgjafarlægsti kylfingur Golfklúbbsins Vestarr. Hann tók þátt í tveimur mótum í mótaröð GSÍ þar sem hann keppti við bestu kylfinga landsins. Einnig var Sigurþór í sveit félagsins sem tók þátt í Íslandsmóti golfklúbba sem haldið var í Stykkishólmi. Sveit Vestarr vörðu sæti sitt í 4.deild karla. Sigurþór er góður kylfingur sem tekur íþrótt sína alvarlega.

Knattspyrnumaður HSH 2023

Ingvar Freyr Þorsteinsson er uppalinn á svæðinu og æfði og spilaði upp yngri flokkana á Snæfellsnesi. Ingvar spilaði tvö tímabil með Reyni Hellissandi árið 2021 og 2022 í 4.deildinni en þar vakti hann verðskuldaða athygli og fékk boð um að æfa og spila með Víking Ólafsvík fyrir tímabilið 2023. Það tímabil endar Ingvar á að spila 21 af 22 leikjum Víkings Ólafsvíkur og er þar í lykilhlutverki. Ingvar leggur að auki hart að sér bakvið tjöldin. Hann æfir eins og atvinnumaður, er alltaf tilbúinn að hlusta á ráðleggingar þjálfaranna og gerir allt sem hann getur til þess að verða betri. Ingvar er skýrt dæmi um það hversu langt þú getur náð ef þú ert tilbúinn að leggja á þig þá vinnu sem þarf til.

Blakíþróttamaður HSH 2023

Anna María Reynisdóttir hefur verið lykillkona í blakinu hjá UMF Grundarfirði frá upphafi. Hún hefur spilað blak í 28 ár og hefur gengt stóru hlutverki öll þessi ár hvort sem liðið hefur verið með lið í úrvalsdeild eða neðri deildum ásamt því að halda utan um umgjörð heimaleikja eða ferðalög út á land. Anna María hefur verið fyrirliði í fleiri ár og tekur ávallt vel á mótí nýjum kynslóðum leikmanna. Hún er frábær liðsmaður og mikil fyrirmynd bæði innan og utan vallar. Hún hefur látið til sín taka í stjórnnum fyrir bæði barnastarf og meistaraflokka en hún er mjög hvetjandi og er í blaki af lífi og sál. Anna María er óneitanlega aldursforsetinn og er algjörlega ómissandi og hefur margoft reynt að hætta en sem betur fer alltaf hætt við.

Hestaíþróttamaður HSH 2023

Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir stóð sig frábærlega á árinu. Hún var dugleg að taka þátt í mótum og var til fyrirmyndar innan sem utan vallar. Harpa Dögg tók þátt í Reykjavíkumeistaramóti, Íslandsmóti, World ranking móti Sleipnis og World ranking móti Geysis. Þá tók Harpa þátt í fjölda annarra minni móta. Sá hestur sem Harpa stóð sig best á var Þytur frá Stykkishólmi. Þau stóðu sig gríðarlega vel á Reykjavíkumeistaramótinu og World ranking móti Sleipnis þar sem þau tóku þátt í T4 og T2. Á Íþróttamóti Snæfellinga voru Harpa og Þytur efst í tölti unglunga en Harpa var bæði samanlagður sigurvegari í fjórgangsgreinum og fimmgangsgreinum í unglungaaflokki. Í Suðurlandsmóti yngri flokka stóð hún sig vel og var í 1.sæti eftir forkeppni. Flottur árangur hjá ungum knapa sem á framtíðina fyrir sér.

Vinnuþjarkur HSH 2023

Gunnhildur Gunnarsdóttir og Magnús Ingi Bæringsson voru kjörin Vinnuþjarkar HSH þetta árið fyrir vinnu þeirra við Landsmóts UMFÍ 50+. Aðkoma þeirra að allri vinnu við undirbúning, umgjörð og framkvæmd mótsins var unnin af miklum metnaði og ósérhlífni svo eftir var tekið. Sannir sjálfbóðaliðar sem gott er að vinna með. Með þau innanborðs verður allt svo einfalt og skemmtilegt.

Sjálfbóðaliðar HSH

Aðildarfélög HSH fengu tækifæri til þess að tilnefna sjálfbóðaliða ársins fyrir sitt félag. Sjálfbóðaliðunum var veitt viðurkenningarskjal og blómvöndur og þeim þakkað fyrir þeirra störf. Þau sem voru heiðruð að þessu sinni voru:

Erna Sigurðardóttir – Snæfellingur

Gréta Sigurðardóttir – UMF. Grundarfjarðar

Helga Ingibjörg Reynisdóttir – Golfklúbburinn Vestarr

Kristján Ágúst Magnússon – Ungmennafélagið Eldborg

María Alma Valdimarsdóttir – UMF. Snæfell

Vignir Sveinsson – Golfklúbburinn Mostrir

Ægir Ægisson – UMF Víkingur/Reynir

ÍPRÓTTAMAÐUR HSH 2023

ARNAR GEIR DIEGO ÆVARSSON





KÖRFUKNATTLEIKSMAÐUR HSH 2023
ARON INGI HINRIKSSON



KNATTSPYRNUMAÐUR HSH
INGVAR FREYR ÞORSTEINSSON



BLAKÍPRÓTTAMAÐUR HSH
ANNA MARÍA REYNISDÓTTIR



KYLFINGUR HSH
SIGURPÓR JÓNSSON



HESTAÍPRÓTTAMAÐUR HSH
HARPA DÖGG BERGMANN HEIÐARSDÓTTIR



VINNUPJARKAR HSH
GUNNHILDUR GUNNARSDÓTTIR
MAGNÚS INGI BÆRINGSSON

SJÁLFBODALIDAR HSH 2024



**ERNA SIGURDARDÓTTIR
SNÆFELLINGUR**



**GRÉTA SIGURDARDÓTTIR
UMF. GRUNDARFJARÐAR**



**HELGA INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR
VESTARR**



**KRISTJÁN ÁGÚST MAGNÚSSON
UMF. ELDBORG**



**MARÍA ALMA VALDIMARSDÓTTIR
UMF. SNÆFELL**



**VIGNIR SVEINSSON
MOSTRI**



**ÆGIR ÆGISSON
UMF. VÍKINGUR/REYNIR**

HSH ÓSKAR ÖLLU ÞESSU ÖFLUGA FÓLKI INNILEGA TIL HAMINGJU!

Verkefni HSH á árinu 2023

Breyting var á starfi framkvæmdastjóra en Gunnhildur Gunnarsdóttir tók við starfinu þann 1.júní af Daða Jörgensen. Við bjóðum Gunnhildi velkomna til starfa og um leið viljum við þakka Daða fyrir hans störf og óskum honum velfarnaðar í sínum störfum.

82. Héraðsþing HSH 2023

82. Héraðsþing HSH 2023 var haldið í Félagsheimilinu Lindartungu þann 22.apríl 2023. Dagskrá þingsins var hefðbundin en boðið var upp á tertu í tilefni þess að HSH var 100 ára árið 2022.



Góðir gestir mættu á þingið. Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSÍ flutti ávarp og sæmdi gullmerki ÍSÍ til Guðmundar M. Sigurðssonar, fyrrum sjálfboðaliða hjá HSH. Þá flutti Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ ávarp og Guðmunda Ólafsdóttir úr varastjórn UMFÍ afhenti Hörpu Jónsdóttur Gullmerki UMFÍ fyrir hennar starf fyrir Íþróttafélagið Miklaholtshrepp.

Íþróttafólki HSH 2022 voru veittar viðurkenningar. Þar var Rebekka Rán Karlsdóttir valin Íþróttamaður HSH ásamt því að vera kjörin Korfuboltamaður HSH. Aðalheiður Lára Gunnarsdóttir var kjörin Skotíþróttamaður HSH, Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir var kjörin Hestaíþróttamaður HSH, Sigurþór Jónsson var kjörinn Kylfingur HSH og Konráð Ragnarsson Knattspyrnumaður HSH. Þá var Skíðafélag Snæfellsnes kjörinir Vinnuþjarkar fyrir árið 2022.



Stjórn HSH var kosin á þinginu. Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson gaf áfram kost á sér sem formaður HSH. Engar breytingar voru gerðar á stjórn HSH á þessu ári.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Stykkishólmi dagana 23. – 25. júní 2023. Undirbúningurinn fyrir landsmótið var stuttur, hnitmiðaður og góður. Huga þurfti að ýmsum þáttum bæði varðandi landsmótið sjálft en einnig varðandi bæjarfélagið þar sem Danskir dagar voru haldnir sömu helgi. Landsmótsnefnd og Dönsku Daga nefnd vann vel saman og úr varð þessi frábæra skemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Mannauðurinn innan HSH og í samfélaginu er góður og var auðvelt að manna sérgreinastjóra og annað starfsfólk. Þá vann Flemming Jessen dýrmætt starf fyrir framkvæmdarnefnd. Gunnhildur Gunnarsdóttir og Magnús Ingi Bæringsson voru mótsstjórar og unnu þar gríðarlega gott starf.

Gunnar Þór Gestsson, varaformaður UMFÍ setti Landsmóti UMFÍ 50+ við hátíðlega athöfn í íþróttahúsinu í Stykkishólmi.

Ávarp Gunnars Þórs Gestssonar, varaformanns UMFÍ í heild sinni.

Kæru þátttakendur, sjálfboðaliðar og gestir.

Velkomin á Landsmót UMFÍ hér í Stykkishólmi.

Landsmót UMFÍ er árlegur viðburður og það er einstaklega gaman að sjá ykkur, þátttakendur sem koma á mótin á hverju ári og taka þátt í skemmtilegri hreyfingu með okkur. Við erum sérstaklega ánægð að sjá mörg ný andlit og íbúa hér á HSH-svæðinu og hlökkum til að hitta ykkur á komandi mótum næstu árin. Næsta mót verður á Vogum við Vatnsleysuströnd næsta sumar.

UMFÍ, ásamt fleirum, stendur fyrir könnun á hverju ári um lýðheilsu landsmanna. Það skiptir engu máli hvaða gögn við skoðum. Allar kannanir sýna að regluleg hreyfing, heilbrigður lífsstíll, heilnæmt mataræði og góður svefn bæta verðmætum árum við lífið.

Mótahald UMFÍ snýst um heilbrigði, samveru og gleði. Með árunum verður aukið áskorun að halda lífslukkunni gangandi. Við þurfum öll að finna gleðina í því að hreyfa okkur. Góðan félagskap og skemmtileg viðfangsefni. Að undirbúa sig fyrir Landsmót í góðum hópi er frábær skemmtun.

Nóg verður í boði um helgina. Auk alls þess sem Danskir dagar bjóða upp á, þá geta þátttakendur á landsmótinu keppt í mörgum greinum og prófað nýjar. Það er nefnilega svo mikilvægt, að prófa og fá kennslu í nýjum greinum – það er nefnilega aldrei að vita nema þið finnið nýja eftirlætisgrein.

En heilsuefling ykkar hefur önnur áhrif. Hún er til fyrirmyndar. Af því að með bættri hreysti, betri andlegri líðan, liðleika og gleði sýnið þið börnum okkar og afkomendum hversu gott er að hreyfa sig alla ævi. Þau fylgja okkur vonandi eftir og gera jafnvel betur en við þegar röðin kemur að þeim.

Ég vil koma á framfæri þakklæti UMFÍ til samstarfsaðila mótsins, HSH og Sveitarfélagsins Stykkishólmur fyrir undirbúning og framkvæmd mótsins. Ykkar aðkoma hefur verið samfélaginu hér til sóma. Mót eins og þetta - eins og starf hreyfingarinnar almennt - er borið uppi af sjálfboðaliðum. Mikill fjöldi sjálfboðaliða hefur hjálpað okkur við að tryggja okkur ánægjulega helgi hér í Hólminum. Ykkur þökkum við sérstaklega.

UMFÍ gefur út göngubók sem gefur hugmyndir að leiðum til að njóta landsins. Við mælum með göngu á Helgafellið sem hér blasir við ofan við bæinn.

Í þjóðsögu um Helgafellið segir að þau sem ganga upp á fellið án þess að líta um öxl og mæla ekki orð af munni fá þrjár óskir uppfylltar – en aðeins ef horft er í austurátt á meðan óskirnar eru bornar upp. Þið megið auðvitað ekki segja nokkrum manni hvers þið óskið ykkur. En hún mun vissulega rætast. Ég hvet ykkur til að vera hugmyndarík á toppi Helgafells og bera fram óskir af góðum hug.


Ég óska okkur öllum góðrar skemmtunar á Landsmóti UMFÍ hér í Hólminum. Ég segi Landsmót UMFÍ 2023 sett.

Mótið fór vel fram, veðrið var gott og keppendur glaðir með helgina. Keppt var í fjölmörgum greinum í ár en fjölmennustu greinarnar voru boccia, bridds og pútt. Breyting var gerð á í ár þar sem bæði var boðið upp á keppnisgreinar en einnig opnar greinar. Með því að taka þátt í opnum greinum gafst fólki kostur á að borga minni pening og taka þátt í ýmsum kynningargreinum eins og pílu, badminton, frísbýgolfi o.fl.

HSH þakkar öllum þeim sem lögðu leið sína í Stykkishólm til þess að taka þátt á Landsmóti UMFÍ 50+. Þá viljum við einnig þakka þeim fjölmörgum sjálfboðaliðum fyrir ómetanlega aðstoð. Án sjálfboðaliða er ekki hægt að halda mót eins og þetta.







UNGLINGALANDSMÓT UMFI Á SAUÐÁRKRÓKI

Unglingalandsmót UMFI var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. Mótið fór vel fram og voru bæði keppendur og aðstandendur ánægðir með hvernig tókst til. Keppendur HSH voru þrettán talsins og stóðu sig með mikilli þrýði. Á mótinu var keppt bæði í hefðbundnum sem og óhefðbundnum greinum. Þátttakendur HSH voru til mikillar fyrirmyndar. Næsta landsmót verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina. HSH hvetur íþrótta krakka sem og aðstandendur til þess að fjölmenna í Borgarnes.



Arnar Hafsteinsson – Sarcopenia

HSH stóð fyrir fyrirlestri á Snæfellsnesinu en fyrirlesturinn var hluti af Hreyfiviku ÍSÍ. Arnar Hafsteinsson hélt fyrirlestur um Sarcopenia/aldurstengd vöðvarýrnun. Þar ræddi hann um mikilvægi styrktar þjálfunar, hvernig hægt væri að stuðla að heilbrigðri öldrun og auka almenna vellíðan á síðari hluta ævinnar. Um 75 manns sátu fyrirlesturinn í þremur bæjarfélögum, Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi.



#BEACTIVE

Í tilefni íþróttaviku Evrópu verður boðið upp á fyrirlestur um Sarcopenia (aldurstengd vöðvarýrnun), vöðvavernd og heilbrigða öldrun

Fyrirlesari:
Arnar Hafsteinsson

- Hvað er Sarcopenia?
- Hvernig er hægt að sporna gegn Sarcopenia?
- Hvernig er hægt að stuðla að heilbrigðri öldrun og auka almenna vellíðan á síðari hluta ævinnar?

Föstudaginn 29. september

Snæfellsbær - Íþróttamiðstöð/spoglasalur
kl. 10.00

Grundarfjörður - Samkomuhúsið
kl. 12.00

Stykkishólmur - Tónlistarskólinn
kl. 14.00

Formannafundir

Haustfundir með formönnum

Í október s.l. héldu stjórn HSH og framkvæmdarstjóri fund með öllum aðildarfélögum HSH í fjórum sveitarfélögum. HSH er hagsmunaaðili fyrir aðildarfélögin og á því að gæta hagsmuna þeirra og því er gríðarlega mikilvægt að félögin greini hjá sér hvernig þau geta nýtt samstarfið með HSH. Framkvæmdarstjóri fór einnig yfir skil á ársskýrslum og ársreikningum þar sem hún var að vinna að skapalónum fyrir þessi skil. Eins var rætt um skýrsluskil til ÍSÍ þar sem töluvert af félögum innan HSH vantaði í skilum til ÍSÍ í apríl 2023. Allar líkur eru á því að ástæða fyrir þessari fækkun er breytingin á skilum í gegnum Felix eða Sportabler. Mikilvægt er að aðildarfélögin færi handvirkt inn félagatalið inn í Sportabler fyrir skil á skýrslunni. Þá var einnig rætt um íþróttamann HSH en þar óskuðum við eftir því að aðildarfélögin myndu skila af sér tilnefningu í þar til gert skapalón.

Góðar umræður sköpuðust á fundunum en eðlilega eru þarfirnar mismunandi hjá hverju aðildarfélagi.

Formannafundur 20.febrúar 2024

Í lok febrúar stóð stjórn HSH fyrir formannafundi sem haldinn var á Hótel Snæfellsnesi. Þar fór stjórn yfir ýmsa þætti varðandi ársskýrsluskil, félagatal og þingið sjálft. Stjórn HSH leggur fram tillögu á þingi um að aðildarfélögin verði búin að halda sína aðalfundi fyrir 15.mars. Þing HSH skal haldið fyrir 15.apríl ár hvert og því nauðsynlegt að gögn sem eiga að skilast inn fyrir

aðalfund HSH sé skilað innan tímamarka. Á fundinum fór gjaldkeri HSH yfir arðgreiðslur og þá úthlutun sem HSH mun leggja til á þinginu. Þá hvatti stjórnin aðildarfélögin til þess að tilnefna sjálfboðaliða innan þeirra starfa til heiðursviðurkenninga á þinginu. Vel var mætt á fundinn og mynduðust góðar umræður.

Sambandsþing UMFÍ

Á sambandsþingi UMFÍ sem haldið var í október 2023 var tímamótatillaga samþykkt. Tillagan felur í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við ÍSÍ og stjórnvöld. Átta svæðastöðvum með sextán stöðugildum verður komið fyrir en þessir starfsmenn munu þjónusta íþróttahéruð landsins með samræmdum hætti.

Á þinginu var þeim Hjörleifi Kr. Hjörleifssyni, formanni HSH og Garðari Svanssyni, gjaldkera HSH veitt gullmerki UMFÍ. Hér fyrir neðan má sjá þá samantekt sem UMFÍ tók saman um þá Hjörleif og Garðar.

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson


Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson hefur verið sjálfboðaliði í íþrótta- og ungmennafélagshreyfingunni frá árinu 1994. Hann gerði eins og við mörg og byrjaði á því að fylgja börnum sínum íþróttastarfi. Það leiddi hann í stjórnarstörf. Eins og Hjörleifur sagði nýverið í viðtali í Skínfaxa þá gefur það honum mikið að láta gott af sér leiða. Hann kann líka þann galdur að dreifa álagi starfsins á fleiri herðar en sínar eigin. Hjörleifur hefur eins og sannur sjálfboðaliði gegnt mörgum mismunandi störfum innan stjórnar Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu og er nú formaður þess. Hann var jafnframt formaður Landsmótsnefndar UMFÍ 50+ þegar mótið var haldið í Stykkishólmi í sumar. Án þess að ætlunin sé að halla á nokkurn mann þá er Hjörleifur einn af traustari stoðum hreyfingarinnar. Sannkölluð fyrirmynd.

Garðar Svansson

Við þekkjum öll Garðar Svansson. Hann hefur eins og Hjörleifur Kristinn gegnt mörgum störfum innan stjórnar Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu. Garðar gefur og gefur af sér. Hann hefur setið í allskonar sætum í stjórnnum Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og flakkað um allar köppagrundir sem bæði fulltrúi UMFÍ og ÍSÍ á þingum og fundum sambandsaðila okkar og er ötull málsvari hreyfingarinnar. Oftar en ekki hefur Garðar farið á fundi og þing til að veita ýmis merki. En nú er komið að honum.

Innilega til hamingju með nafnbótina Hjörleifur Kristinn og Garðar!

SAMBANDSPING UMFÍ



FRJÁLSÍÞRÓTTAMÓT HSH

Í byrjun desember stóðu frjálsíþróttabjálfarar UMF. Snæfells, UMF. Grundarfjarðar og Vikings Ólafsvíkur fyrir aðventumóti í frjálsum íþróttum í íþróttahúsinu í Stykkishólmi. Mótið gekk vel fyrir sig og voru börnin ánægð. Boðið var upp á keppni í þremur greinum, 35m spretthlaupi, langstökki án atrenu og kúluvarpi. HSH lagði til verðlaunapeninga fyrir mótið. Í lok mars var síðan haldið annað frjálsíþróttamót í Snæfellsbæ. Mótið gekk vel fyrir sig og eiga bjálfararnir á Snæfellsnesi hrós skilið fyrir gott starf. Frjálsíþróttastarfið innan aðildarfélaga HSH er að eflast með þessum frábæru bjálfurum sem starfa á nesinu.

Framtíðin er björt!



Vesturlandssamstarf

Gott samstarf hefur myndast hjá framkvæmdarstjórum héraða og bandalaga á Vesturlandi. Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður UDN, Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdarstjóri ÍA, Bjarney Bjarnadóttir framkvæmdarstjóri UMSB ásamt Gunnhildi Gunnarsdóttur framkvæmdarstjóra HSH hafa myndað gott teymi og hjálpast að við að vinna að ýmsum málum og verkefnum hvað varðar starfið. Þó áskoranirnar séu mismunandi á milli svæða er gott að vera í góðu samstarfi við aðra í sömu stöðu. Að hlusta á gagnrýni, fá önnur sjónarhorn á starfið og samræma ákveðna þætti sem hægt er að samræma gerir starfið faglegra fyrir hvert samband.



Fréttapunktur ÍSÍ frá starfsárinu 2023

Höfuðstöðvar ÍSÍ

Á árinu 2023 störfuðu 16 á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík og einn á Akureyri. Að auki starfa á skrifstofunni í Reykjavík tveir verkefnastjórar Heilsueflingar +60, sameiginlega verkefni ÍSÍ og Landssambands eldri borgara (LEB). Annar þeirra er verkefnastjóri á vegum ÍSÍ og hinn á vegum LEB.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Ráðist var í miklar breytingar á 3. hæð í húsi 3 vegna flutninga þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og voru ráðstefnu- og fundarsalir á hæðinni uppfærðir á sama tíma. Aðstaðan er nútímaleg og öll hin glæsilegasta.

Íþróttahing ÍSÍ

Íþróttahing ÍSÍ fór fram að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5. og 6. maí 2023. Kosið var um helming stjórnar og fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ var staðfestur. Sjö nýir Heiðursfélagar ÍSÍ voru kjörnir á þinginu, fimm einstaklingar voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ og tvö Gullmerki veitt. Á þinginu voru teknar fyrir breytingar á lögum ÍSÍ

og einnig voru þar til umfjöllunar fjölmörg mál er varða hagsmuni hreyfingarinnar. Unnið er að þeim málum á milli þinga.

Samstaða um eflingu íþróttastarfs á landinu

Íþróttahósti ÍSÍ og Sambandsþing UMFÍ 2023 samþykktu, í samráði við íþróttahéruðin í landinu, að vinna að því að setja á laggirnar starfsstöðvar um landið, til stuðnings íþróttahéruðum landsins. Verkefnið feli hvorki í sér breytingu á lýðræðislegri skiptingu íþróttahéraða né breytingar á atkvæðaskiptingu á þingum ÍSÍ og UMFÍ. Skilyrði fyrir slíkum starfsstöðvum var að hægt yrði að tryggja fjárstuðning frá ríkinu til verkefnisins, með hliðsjón af svæðisskiptum verkefnum ríkisins sem falla vel með verkefnum og skyldum íþróttahreyfingarinnar. Í nóvember 2023 undirritaði mennta- og barnamálaráðherra viljayfirlýsingu um fjárstuðning við verkefnið, 200 m.kr. árlegu framlagi til ÍSÍ og UMFÍ til næstu tveggja ára, til að byrja með. Framlaginu er ætlað að styðja við þessa uppbyggingu um allt land og meðal annars koma á fót hvatasjóði. Hlutverk hvatasjóðsins er að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Markmiðið er að efla íþróttahéruð með því að koma á fót sameiginlegum starfsstöðvum sem hafa það hlutverk að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og starfsstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Það mun styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og þannig jafna tækifæri barna óháð aðstæðum og búsetu sem og að efla þjónustu á viðkomandi svæði. Breytingin nær til tæplega 500 íþrótt- og ungmennafélaga um allt land.

Ólympísk verkefni 2023

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Friuli Venezia Giulia á Ítalíu í janúar 2023. Hátíðin tók 20 íslenskir keppendur þátt í hátíðinni, ásamt föruneysi.

Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Maribor í Slóveníu 23. – 29. júlí 2023. Íslensku keppendurnir voru 35 talsins, í sex íþróttagreinum.

Smáþjóðaleikarnir 2023

Smáþjóðaleikarnir fóru fram á Möltu 29. maí – 3. júní 2023. ÍSÍ sendi 75 keppendur til leikanna, ásamt þjálfurum og fylgdarliði. Þátttaka í Smáþjóðaleikum er alltaf stórt verkefni fyrir ÍSÍ, bæði í undirbúningi og framkvæmd.

Evrópuleikarnir 2023

Evrópuleikarnir fóru fram í Póllandi að þessu sinni og tóku átta íslenskir keppendur þátt í leikunum, í fimm íþróttagreinum.

Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði alls rúmlega 535 milljónum króna til afrekssstarfs sérsambanda ÍSÍ vegna ársins 2023. Heildarkostnaður afrekssíþróttastarfs hjá þeim sérsamböndum sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2023 námu um 3.057 m.kr. og var stuðningur sjóðsins því að meðaltali rúmlega 17,5% af þeim kostnaði.

Blásið til sóknar í afreksíþróttastarfi

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands gerðu með sér samstarfssamning, í janúar 2023, um stefnumörkun og uppbyggingu afreksíþróttastarfs á Íslandi. Vésteinn Hafsteinsson var ráðinn Afreksstjóri ÍSÍ og samhliða því starfi var hann fenginn til að leiða nýjan starfshóp Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra, um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks. Markmiðið er að umgjörð afreksíþróttastarfs verði eins og best verður á kosið þannig að afreksíþróttafólk okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á alþjóðavísu. Starfshópi ráðuneytisins er ætlað að yfirfara og leggja til breytingar á umgjörð, löggjöf og öðru sem þurfa þykir til að stuðningur við afreksíþróttafólk hér á landi verði í fremstu röð. Honum er falið að skoða sérstaklega kostnaðarþátttöku keppenda og fjölskyldna þeirra í landsliðsstarfi og lýðréttindi afreksíþróttafólks innan almannatryggingakerfisins. Starf Afreksstjóra ÍSÍ felur í sér umsjón með Afreksstefnu ÍSÍ og ráðgjöf varðandi afreksstefnur sársambanda ÍSÍ. Afreksstjóri ÍSÍ vinnur að framgangi Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ, undirbúningi íslenskra keppenda fyrir ólympíska viðburði og að markmiðasetningu í íslensku afreksíþróttastarfi til næstu ára. Vésteinn hefur komið inn af krafti og fundað stíft með öllum hagaðilum, um allt land þá mánuði sem hann hefur verið í starfi.

Ráðstefnan Vinnum gullið

Mennta- og barnamálaráðuneyti, í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga stóðu að ráðstefnunni Vinnum gullið!, í Silfurbergi í Hörpu í nóvember 2023. Um er að ræða stærstu ráðstefnu um íþróttaleg málefni sem haldin hefur verið á Íslandi. Rúmlega 400 manns mættu og tóku virkan þátt auk þess sem fjöldi manns fylgdist með í gegnum streymi.

Fræðslumál

ÍSÍ stendur árlega fyrir mörgum fræðsluviðburðum um margvísleg málefni er varða íþróttahreyfinguna og íþróttastarfið í landinu. Einnig stendur ÍSÍ fyrir þjálfaramenntun sem er áfangaskipt fræðslukerfi. Námið fer eingöngu fram í fjarnámi og gefur réttindi til íþróttþjálfunar. Kerfið er samræmt fyrir allar íþróttagreinar. ÍSÍ útskrifar að jafnaði 100-150 þjálfara árlega.

Allir með – farsælt samfélag fyrir alla – Brúum bilið

ÍSÍ, UMFÍ og Íþróttasamband fatlaðra standa að ofangreindu verkefni sem er þriggja ára verkefni með eftirfarandi markmið:

- Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.
- Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við sínar óskir .
- Að allir skuli eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagskap.

Verkefnið er styrkt af þremur ráðuneytum og stendur yfir árin 2023-2025.

Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSÍ úthlutaði í marsmánuði 2023 styrkjum úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga vegna þátttöku í fyrirfram skilgreindum styrkhæfum mótum ársins 2022. Til úthlutunar voru 123,9 m. króna.

Almenningsíþróttaverkefni

Líkt og fyrri ár þá stóð ÍSÍ fyrir heilsu- og hvatningarátakinu Lífshlaupinu, Hjólað i vinnuna, Ólympíuhlaupinu, Ólympíudeginum, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu og áttakinu Syndum.

Bjartur lífsstíll - þjónusta við sveitarfélög, íþróttafélög og þjálfara varðandi heilsuefningu 60+

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Landssamband eldri borgara (LEB) standa sameiginlega að verkefninu Bjartur lífsstíll, með fjárframlagi frá tveimur ráðuneytum.

Þjónustan er í formi verkfærakistu og hagnýtra upplýsinga fyrir sveitarfélög, íþróttafélög og þjálfara sem sjá þörfina fyrir að búa til ný hreyfiúrræði fyrir eldra fólk eða efla það góða starf sem nú þegar er í gangi. Stýrihópar hafa verið myndaðir í sveitarfélögum landsins og í öllum póstnúmerum höfuðborgarsvæðisins. Með þeim hafa verið haldnir reglulegir fundir þar sem farið hefur verið yfir stöðu mála. Markmið verkefnisins er að veita þjálfurum og öðrum sem koma að heilsuefningu eldra fólks faglegan stuðning, stuðla að betri lýðheilsu eldra fólks á landsvísu með því að auka heilsulæsi í gegnum hreyfingu og fræðslu og að varanlegt hreyfiúrræði standi öllu fólki 60 ára og eldri til boða í helstu byggðarkjörnum landsins.



Fréttapunktur UMFÍ 2023

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2023. Tímamót urðu á sambandsþingi UMFÍ í október þegar einróma var samþykkt stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land og breyting á lottóúthlutun. Ráðherra skrifaði undir samning um stofnun svæðaskrifstofanna ásamt fulltrúum íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar undir lok árs.

Grindavík

Jarðhræringar í Grindavík um miðjan nóvember 2023 urðu til þess að Grindvíkingar urðu að yfirgefa heimili sín í flýti og hafa ekki getað snúið aftur til síns heima. Iðkendur hjá Ungmennafélagi Grindavíkur misstu heimavöll sinn og æfingahúsnaði. Íþróttahreyfingin sneri bókum saman og lögðust allir á eitt til að hjálpa bæjarbúum, útvega iðkendum á öllum aldri íþróttaföt, æfingahúsnaði og allt það sem til þarf til að sinna æfingum og keppnum. Stjórn Ungmennafélags Grindavíkur hefur fengið afnot af þjónustumiðstöð UMFÍ til fundarhalda.

Skólabúðir á Reykjum

Haustið 2022 tók UMFÍ við rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði. Árlega heimsækja búðirnar um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu. Þar dvelja þau frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogaþæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra og UMFÍ hafa saman unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Starfsemi búðanna er veigamikil og eru tæplega 10 stöðugildi tengd starfseminni á Reykjum.

Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hefur staðið fyrir ráðstefnum og fundum í húsnæði Skólabúðanna og leigt aðstöðuna út til annarra félagasamtaka.

Ungmennabúðir UMFÍ

Í byrjun árs 2023 greindust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni. Starfsemin var stöðvuð í kjölfarið. Síðar sama vor var ákveðið að hætta starfseminni. Þar með var punktur settur aftan við sögu ungmennabúða UMFÍ sem hóf starfsemi árið 2005.

Mótahald og viðburðir

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 23. - 25. júní 2023 í Stykkishólmi. Mótshaldarar voru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og sveitarfélagið Stykkishólmur. Þátttakendur voru 306, sem var yfir meðallagi undangenginna ára. Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður mótsins af hálfu UMFÍ en Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri HSH, vann ásamt Magnúsi Bæringssyni, íþrótta- og æskulýðsfulltrúa Stykkishólms, ötullega að undirbúningi þess og framkvæmd.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 7. - 9. júní í samstarfi við ungmennafélagið Þrótt Vogum og sveitarfélagið Voga.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023. Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður. Boðið var upp á meira en 20 íþróttagreinar fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kökuskreytingar voru meðal vinsælustu greina. Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikar mótsins annað árið í röð.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024 í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð.

Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í annað sinn í Mosfellsbæ 12. ágúst 2023. Þátttakendur voru 800 talsins á öllum aldri og er það tvöfalt fleiri en fyrir ári.

Forsetahlaup UMFÍ

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók virkan þátt í Forsetahlaupi UMFÍ sem fram fór á Patreksfirði í september. Þátttakendur voru um 70 talsins. Þetta var annað skiptið sem hlaupið fór fram en það fyrsta fór fram á Álftanesi.

Drulluhlaup UMFÍ og Forsetahlaup UMFÍ verða auglýst síðar.

Fræðsla og forvarnir

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla. Niðurstöðurnar sýna að þeim börnum og ungmennum sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður almennt betur en börnum sem ekki eru í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. Í niðurstöðunum kom líka fram að börn af erlendum uppruna og nemendur sem skilgreina sig kynsegin stunda mun síður íþróttir í skipulögðu starfi en önnur börn.

Ungt fólk og lýðræði

80 þátttakendur frá öllu landinu tóku þátt á ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðræði. Ráðstefnan fór fram í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum í Hrótafirði í september. Umhverfis- og loftslagsmál voru í brennidepli ásamt endurnýtingu, umhverfissporum fyrirtækja og neytenda. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Stefnt er að því að næsta ungmennaráðstefna UMFÍ verði helgina 20. - 22. september árið 2024. Hún verður auglýst síðar.

Miðlun og samskipti

Starfsskýrsluskil

Fyrstu skil í nýtt starfsskýrslukerfi sambandsaðila og aðildarfélaga UMFÍ og ÍSÍ fóru fram vorið 2022. Nú í ár voru gerðar nokkrar breytingar, notendum til góða. Við gerð kerfisins var lagt upp með einfalt notendaviðmót með forskráðum upplýsingum til hagræðingar fyrir notendur. Tenging er við upplýsingar úr Sportabler, sem yfir 90% af íþróttahreyfingunni notar.

Útgáfa og kynningamál

Þrjú tölublöð af Skinfaxa komu út árið 2023, Göngubók og tvö mótablöð í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Auk þess gefur UMFÍ út reglulega fréttabréf með upplýsingum úr hreyfingunni og gagnlegum upplýsingum fyrir sambandsaðila.

UMFÍ sinnir jafnframt lýðræðislegu hlutverki og sendir nefndum Alþingis umsagnir um tugi mála á hverju ári.

Tímamót á sambandsþingi UMFÍ

Á sambandsþingi UMFÍ á Geysi í Haukadal í október var einróma samþykkt tímamótatillaga, sem fól í sér stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land í samstarfi við UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvöld.

Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, og Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, skrifuðu undir samning um starfsstöðvarnar um miðjan desember 2023. Ráðuneytið veitir 400 milljónir króna til verkefnisins á næstu tveimur árum. Þar af setja ÍSÍ og UMFÍ 130 milljónir króna af árlegu framlagi ráðuneytisins til svæðisskrifstofa og 70 milljónir króna í Hvatasjóð. Á hverri skrifstofu verða tvö stöðugildi, annað fjármagnað af ráðuneytinu og hitt af íþróttahreyfingunni.

Á þinginu voru þeir Guðmundur Kr. Jónsson og Haukur Valtýsson gerðir að heiðursfélögum. Hvatningarverðlaun UMFÍ hlutu Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS), Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Íþróttabandalag Reykjavíkur. Einnig voru veitt gullmerki á þinginu. UMFÍ veitti fjölmargar heiðranir og viðurkenningar á árinu. Þær má sjá á umfi.is undir slóðinni viðurkenningar og verðlaun.

Breyting varð á stjórn UMFÍ en í stað þeirra Gissurar Jónssonar HSK og Lárusar B. Lárussonar UMSK tóku sæti þau Ásgeir Sveinsson frá HHF og Rakel Másdóttir UMSK.

Rekstur

Þjónustumiðstöð UMFÍ flytur í Íþróttamiðstöðina

Í febrúar 2023 opnaði þjónustumiðstöð UMFÍ á þriðju hæð Íþróttamiðstöðvarinnar við Engjaveg. Þar höfðu verið fundarsalir ÍSÍ um árabil. Á meðan flutningum stóð var umfangsmiklu gagna- og heimildasafni UMFÍ komið fyrir í varanlega vörslu á Þjóðskjalasafni. Þetta reyndust um 200 kassar af gögnum í mannhæðarháum stöflum, sem fóru á fimm vörubrettum á safn til frekari flokkunar og geymslu. Mörg önnur söguleg gögn voru flutt í húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Flutningur þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina hefur reynst happa skref. Samskipti við forsvarsfólk íþróttahreyfingarinnar hefur aukist mikið og hefur þjónustumiðstöðin nýst fólki í íþróttahreyfingunni til fundarhalda.

Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum rúmar 297 milljónir króna árið 2023. Þetta er tæpum 19 milljónum krónum meira en árið á undan.

Fræðslu- og verkefnasjóður


Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Stærstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Árið 2023 hlutu 144 verkefni innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar 20,6 milljónir króna í styrki úr sjóðnum.

Lýðháskólastyrkir

UMFÍ styrkir líka ungmenni sem hyggja á nám í lýðháskóla í Danmörku. Fyrir skólaárið 2022-2023 voru 38 umsóknir styrktar um tæpar 3,2 milljónir króna. Þetta er einni milljón króna hærri upphæð en árið áður.

Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2023 voru styrkir veittir til fimm verkefna upp á rúmar 1,8 milljónir króna.



HEIÐURSVIÐURKENNINGAR UMFÍ

Gullmerki UMFÍ

Magnús Alexandersdóttir	1992
Garðar Svansson	2023
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson	2023
Harpa Jónsdóttir	2023

Starfsmerki UMFÍ

Kristján Jónsson	1972	Hjörleifur K. Hjörleifsson	2003
Ottó Árnason	1972	Vilhjálmur Pétursson	2003
Stefán Ásgrímsson	1972	Margrét Þórðardóttir	2004
Þórður Gíslason	1972	María Alma Valdimarsdóttir	2006
Jón Pétursson	1973	Sigrún Ólafsdóttir	2006
Jónas Gestsson	1984	Gunnar Kristjánsson	2008
Pálmi Frímannsson	1988	Kristján Ágúst Magnússon	2008
Hildur Sæmundsd.	1996	Ásta Guðrún Pálsdóttir	2008
Grétar D. Pálsson	1997	Kjartan Páll Einarsson	2008
Guðrún A. Gunnarsd.	1997	Kristján Þórðarson	2009
Sigurþór Hjörleifsson	1997	Dagný Þórisdóttir	2010
Stefán J. Sigurðsson	1997	Sesselía Pálsdóttir	2010
Eiður Björnsson	1998	Hallur Pálsson	2013
Lilja Stefánsdóttir	1998	Anna María Reynisdóttir	2013
Bryndís Jónasdóttir	1999	Harpa Jónsdóttir	2014
Garðar Svansson	2000	Rán Kristinsdóttir	2017
Guðmundur Runólfsson	2003	Guðmundur Gíslason	2018
Gunnar Svanlaugsson	2003	Davíð Sveinsson	2019

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR ÍSÍ

Gullmerki ÍSÍ

Magndís Alexandersdóttir	1987
Sigurþór Hjörleifsson	1992
Þóra Kristín Magnúsdóttir	1997
Kjartan Páll Einarsson	1998
Þorbergur Bæringsson	2010
Haukur Sveinbjörnsson	2012
Davíð Sveinsson	2012
Þorsteinn Björgvinsson	2013
Leifur Kr. Jóhannesson	2013
Högni Bæringsson	2013
Ríkharður Hrafnkelsson	2019
Gunnar Svanlaugsson	2019
Guðmundur M. Sigurðsson	2023

Silfurmerki ÍSÍ

Kristján Þórðarson	1997
Eggert Kjartansson	1998
Elfa Ármannsdóttir	1998
Ríkharður Hrafnkelsson	2003
Garðar Svansson	2007
Páll Guðmundsson	2008
Kristín Halla Haraldsdóttir	2012
Guðmundur Gíslason	2013
Ásgeir Ragnarsson	2013
Hilmar Hauksson	2017
Kristmundur Sumarliðason	2017
Björg Ágústdóttir	2018
Eyþór Benediktsson	2018
María Alma Valdimarsdóttir	2019

Þjónustumerki ÍSÍ

Kristján Jónsson	1963
------------------	------

Lottó úthlutunarreglur HSH

REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓTEKNA HSH

1. 42% til HSH
2. 58 % til félaganna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:
 - a) 5% jafnt milli félaga.
 - b) 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.

Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- 1) Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum.
- 2) Skilar fullnægjandi skýrslum.
- 3) Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi.
- 4) Stendur fyrir virku félags-og íþróttastarfi.
- c) 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.

Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.
- d) 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1.desember næstliðins árs. Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.
- e) 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

Lottó uppgjör 2023

Félag	Félagar	jan-feb	mars-apr	maí-júní	júl-ág	sept-okt	nóv-des	Samtals	skinfaxi	Skattur	Verðlaun	frádráttur 2023	Útborgað	Félagar 16+
Eldborg	73	24679	26238	24733	27191	24661	23195	150.698	2500	0			148.198	70
ÍM	97	26717	28404	26775	29436	26697	25111	163.141	2500	0			160.641	87
Umf. Staðarsv.	104	28886	30711	28950	31826	28866	27150	176.389	2500	0			173.889	91
G. Staðarsv.	21	12677	13478	12705	13967	12668	11915	77.409	2500	0			74.909	21
Skotgrund	221	96704	102813	96917	106547	96635	90891	590.506	2500	0			588.006	221
Vikingur/Reynir	780	212406	225824	212873	234025	212254	199637	1.297.020	2500	0			1.294.520	668
UMFG	662	133818	142272	134112	147438	133722	125774	817.137	2500	0			814.637	560
Snæfell	651	185873	197615	186282	204791	185739	174699	1.135.000	2500	0			1.132.500	580
Golfkl. Jökull	90	45420	48289	45520	50043	45387	42689	277.347	2500	0			274.847	90
Golfkl. Vestarr	285	115993	123321	116248	127799	115910	109020	708.291	2500	0	69598		636.193	264
Golfkl. Mostri	95	40338	42886	40426	44443	40309	37913	246.315	2500	0			243.815	84
Íþrd. Snæfellingss	281	119132	126658	119394	131257	119046	111970	727.458	2500	0			724.958	202
Landsmótssjóður		115849	123168	116104	127641	115766	108885			0			707.412	
SAMTALS:	3.360	1158493	1231677	1161039	1276405	1157660	1088848	6.366.710	30000	0	0	69598	6.267.112	2908



ÁRSREIKNINGUR HSH

2023

Áritanir

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum skoðað ársreikninga HSH fyrir árið og ekkert fundið athugavert. Við leggjum til að ársreikningur verði samþykktur.

Grundarfirði


05.04.2024

Staður

dagsetning



Alexander Friðbjófur Kristinsson




Sæunn Dögg Baldursdóttir


Áritun stjórnar




Hjörleifur K. Hjörleifsson, formaður



Berglind Long varaformaður



Laufey Bjarnadóttir, ritari



Garðar Svansson, gjaldkeri

Kristfríður Rós Stefánsdóttir, meðstjórnandi

Rekstrarreikningur fyrir árið 2023

1. Tekjur	2023	2022
1.1 Rekstrartekjur	14.549.583	14.636.977
1.2 Önnur framlög og styrkir	13.538.141	2.920.175
1.3 Aðrar tekjur	415.442	0
Tekjur alls	28.503.166	17.557.152
 2. Gjöld		
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	7.133.160	4.817.761
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs	15.655.526	6.965.104
2.4 Annar rekstrarkostnaður	4.159.370	3.914.806
2.5 Annað		
Gjöld alls	26.948.056	15.697.671
 Hagnaður (tap) fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.555.110	1.859.481
 2.5 Afskriftir fastafjármuna	0	0
2.8 Fjármunatekjur	1.163.568	336.877
2.9 Fjármagnsgjöld	(239.061)	(73.103)
Afskriftir og fjármagnsliðir alls	924.507	263.774
 Tekjuafgangur (tekjuhalli)	2.479.617	2.123.255

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

3. Eignir	2023	2022
Fastafjármunir		
3.1 Skrifstofubúnaður	0	0
Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir		
3.2 Vörubirgðir	0	0
3.4 Skammtímakröfur	0	0
Handbært fé	0	0
3.5 Reikningur 0309-26-5452	1.084.074	1.357.732
Reikningur 0191-15-370322	19.077.411	14.272.152
Veltufjármunir samtals	20.161.485	15.629.884
Eignir alls	20.161.485	15.629.884
4. Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
4.1		
4.2 Eigið fé í ársbyrjun	8.312.512	6.189.257
Hagnaður (tap) ársins	2.479.617	2.123.255
Eigið fé samtals	10.792.129	8.312.512
Langtímaskuldir		
4.3		
4.4 Veðskuldir	0	0
Aðrar langtímaskuldir	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
4.5		
4.6 Skuld við félagasamtök	9.369.356	7.317.102
4.8 Skuld við lánastofnanir	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	0	0
4.8	9.369.356	7.317.102
Afborganir af langtímaskuldum	0	0
Skammtímaskuldir samtals	9.369.356	7.317.102
Skuldir og eigið fé alls	20.161.485	15.629.614

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2023

Rekstrarhreyfingar:	2023	2022
Hagnaður (tap) ársins	2.479.617	2.123.255
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur af langtímaskuldum	0	0
Afskriftir	0	0
Veltufé frá rekstri	2.479.617	2.123.255
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir lækkun, (hækkun)	0	0
Skammtímakröfur lækkun, (hækkun)		0
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun)	(158.665)	2.649.475
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(158.665)	2.649.475
Handbært fé frá rekstri	2.320.952	4.772.730
Fjárfestingahreyfingar:		
Kaup á fastafjármunum		0
Aðrar fjárfestingahreyfingar		0
Fjárfestingahreyfingar alls	0	0
Fjármögnunarhreyfingar:		
Tekin ný langtímalán	0 0	0
Afborganir af langtímalánum	0	0
Aðrar fjármögnunarhreyfingar	0	0
Fjármögnunarhreyfingar alls	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	2.320.952 #	4.772.730
Handbært fé í ársbyrjun	17.840.533	13.067.803
Handbært fé í árslok	20.161.485	17.840.533

Skýringar og sundurliðanir

Sundurliðun tekna 2023

	2023	2022
1.1 Rekstrartekjur		
1.1.1 Lottó ÍSÍ	4.294.883	4.978.227
1.1.2 Lottó UMFÍ	7.901.883	8.966.548
1.1.3 Arðgreiðsla íslenskrar getsþá	1.463.083	0
1.1.4 Getraunir	889.734	692.202
Rekstrartekjur	14.549.583	14.636.977
1.2 Önnur framlög og styrkir		
1.2.1 Styrkur frá Héraðsnefnd	1.500.000	0
1.2.2 Útbreiðslustyrkir ÍSÍ	676.026	643.133
1.2.3 Mótteknir styrkir, UMFÍ 50 +	8.885.073	0
1.2.4 Skattur aðildarfélaga	0	
1.2.5 Styrkur frá Ríki vegna íþróttahéraða	1.977.042	
1.2.6 Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum	500.000	2.277.042
Önnur framlög og styrkir	13.538.141	2.920.175
1.3 Aðrar rekstrartekjur		
1.3.1 Seldur íþróttafatnaður	147.000	0
1.3.2 Seldar aðrar vörur	12.109	0
1.3.3 Endurgreitt lottó	227.850	0
1.3.4 Ósóttir vinningar Lottó	28.483	
Aðrar rekstrartekjur	415.442	0

#REF!

	2023	2022
2.1 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
2.1.1 Laun	5.055.308	2.613.000
2.1.2 Mótframlag í lífeyrissjóð	303.404	926.363
2.1.3 Tryggingagjald og önnur opinber gjöld	1.649.243	1.221.725
2.1.6 Verkalýðsgjöld	125.205	56.673
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	7.133.160	4.817.761
2.3 Kostnaður vegna íþróttastarfs		
2.3.1 Verðlaun	61.586	17.270
2.3.2 Ferðakostnaður, gisting og uppihald	595.229	415.917
2.3.3 Þátttökugjöld	176.528	18.100
2.3.4 Lottó til aðildarfélaga	6.394.072	6.180.699
2.3.5 Unglingalandsmót	324.950	0
2.3.6 Keyptar íþróttavörur og búningar	471.950	135.225
2.3.7 Veittir styrkir og viðurkenningar vegna íþróttastarfs	390.860	197.893
2.3.3 Landsmót UMFÍ 50+	7.240.351	0
Kostnaður vegna íþróttastarfs	15.655.526	6.965.104
2.4 Annar rekstrarkostnaður		
2.4.1 Rekstur skrifstofu	575.063	66.718

Sundurliðun fyrir ársreikning

2.4.2	Burðargjöld, heimasíða og internet	172.933	68.860
2.4.3	Kostnaður vegna funda og námskeiða	157.181	202.375
2.4.4	Reikningsleg aðstoð	0	0
2.4.5	Árþing, skýrsla og ritföng	389.122	349.639
2.4.6	Auglýsingar	80.600	31.352
2.4.7	Breyting á lottó til aðildarfélaga	2.210.919	2.661.602
2.4.8	Viðhald áhalda	0	0
2.4.9	Tryggingar	15.847	14.782
2.4.10	Kaffikostnaður og risna	302.392	231.438
2.4.11	Styrkir	39.200	73.000
2.4.12	Sjúkrakostnaður	0	0
2.4.14	Námskeið	0	164.079
2.4.15	Tölvukostnaður	188.738	32.063
2.4.16	Þjónustugjöld og bankakostnaður	15.975	7.498
2.4.17	Önnur gjöld	11.400	11.400
Annar rekstrarkostnaður		4.159.370	3.914.806

Sundurliðun efnahags

	2023	2022
3.1 Skrifstofubúnaður		
3.1.1 Stofnverð í ársbyrjun	0	0
3.1.2 Afskrifað áður	0	
3.1.3 Afskrifað á árinu	0	0
3.1.4 Annað		0
Skrifstofubúnaður	0	0

Veltufjármunir

3.2 Vörubirgðir		
3.2.1 Búningabirgðir	0	0
3.2.2 Verðlaunapeningar	0	0
	0	0

3.4 Viðskiptakröfur

3.4.1 UMFÍ vegna Lottó í desember	0	0
3.4.2 Íslenskar getraunir	0	0
3.4.3 Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	0	0
Viðskiptakröfur	0	0

Handbært fé

3.5 Landsmótssjóður	0	0
3.8 Bankainnstæður Arion	1.084.074	
3.9 Bankainnstæður Landsbankinn	19.077.411	15.629.884
Handbært fé	20.161.485	15.629.884

4.1 Endurmatsreikningur

4.1.1 Endurmatsreikningur 1/1	0	0
4.1.2 Endurmat ársins	0	0
Endurmatsreikningur 31/12	0	0

4.2 Óráðstafað eigið fé

4.2.1 Óráðstafað eigið fé 1/1	8.312.782	6.189.527
4.2.2 Rekstrarafkoma ársins	2.479.617	2.123.255

Sundurliðun fyrir ársreikning

Óráðstafað eigið fé 31/12		10.792.399	8.312.782
Skuldir			
4.3	Veðskuldir	0	0
4.4	Aðrar langtímaskuldir	0	0
4.5	Skuld við aðildarfélög vegna Lottó	9.528.021	7.317.102
4.6	Skuldir við lánastofnanir		0
4.7	Næsta árs afborganir	0	0
4.8	Aðrar skammtímaskuldir (Ógr lífeyrissjóður og tryggingagjald)	356.000	0
Skuldir samtals		9.884.021	7.317.102



ÁRSSKÝRSLUR
AÐILDARFÉLAGA HSH
2024

ADILDARFÉLÖG HSH

UMF. SNÆFELL

**FORMAÐUR: HJÖRLEIFUR KRISTINN
HJÖRLEIFSSON**

UMF. STAÐARSVEITAR

**FORMAÐUR: SIGURÓSK SUNNA
MAGNÚSDÓTTIR**

UMF. VÍKINGUR/ UMF. REYNIR

FORMAÐUR: MARGRÉT EVA EINARSDÓTTIR

GOLFKLÚBBURINN STAÐARSVEIT

FORMAÐUR: HAUKUR ÞÓRDARSON

UMF. GRUNDARFJARÐAR

FORMAÐUR: SIRRÝ ARNARDÓTTIR

GOLFKLÚBBURINN VESTARR

FORMAÐUR: GARDAR SVANSSON

UMF. ELDBORG

FORMAÐUR: KAREN BJÖRG GESTSDÓTTIR

GOLFKLÚBBURINN MOSTRI

FORMAÐUR: MAGNÚS ÞÓR JÓNSSON

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ MIKLAHOLTSHREPPI

FORMAÐUR: LAUFÉY BJARNADÓTTIR

GOLFKLÚBBURINN JÖKULL

FORMAÐUR: JÓN BJARKI JÓNATANSSON

SKOTFÉLAG SNÆFELLSNES

FORMAÐUR: JÓN PÉTUR PÉTURSSON

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SNÆFELLINGUR

**FORMAÐUR: HERBORG SIGRÍÐUR
SIGURÐARDÓTTIR**



UMF. Eldborg

Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Stjórn Ungmennafélagsins Eldborgar skipa:

- Formaður: Karen Björg Gestsdóttir
- Gjaldkeri: Elísabet Ýr Bjarnadóttir
- Ritari: Jóhannes Jónasson
- Meðstjórnandi: Valgerður Álfheiður Sigurðardóttir
- Varamaður: Jóna María Gísladóttir



Starf Ungmennafélagsins Eldborgar 2023


Fyrsti viðburður ársins 2023 á vegum Eldborgar var þrettándavarðeldur. Sveitungar hittust og áttu notalega stund saman, börnin fengu stjörnuljós í boði félagsins og endað var í kaffisamsæti í Lindartungu. Mæting var góð og almenn ánægja með viðburðinn.



Þorrablót á vegum Eldborgar var haldið 3. febrúar. Allt fór sérlega vel fram og kom blótið út í hagnaði, sem kom sér vel. Þorrablótið er í raun eini viðburður Ungmennafélagsins Eldborgar sem skilar félaginu tekjum. Þar af leiðandi er mikilvægt að vel takist til.



Hátíðarhöld fóru fram á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní. Viðburðurinn hefur í gegnum árin verið samstarfsverkefni milli Eldborgar og Kvenfélagsins Bjarkar og svo var einnig í ár. Grillaðar voru pylsur, andlitsmálning, leikir fyrir börnin, borðaðar dýrindis vöfflur og síðast en ekki síst spilaður knattspyrnuleikur. Daginn áður voru sett upp ný mörk, sem Ungmennafélagið festi kaup á, að stórum hluta með styrk sem fékkst í gegnum Íþróttasjóð Rannís.



Spilakvöld var haldið í desember í Lindartungu. Spiluð var félagsvist á þó nokkrum borðum. Viðburðurinn hefur í gegnum árin haldið vinsældum sínum, þrátt fyrir að nú séu tímar snjallsíma og Netflix. Yngsti spilarinn var 9 ára og sá elsti á níráðisaldri, enda félagsvist fyrir allan aldur.

Lokaorð

Þrátt fyrir að Ungmennafélagið Eldborg sé að einhverju leyti ekki hefðbundið íþróttafélag þá gegnir það mikilvægu hlutverki fyrir samfélagið. Það má sjá á góðri þátttöku íbúa svæðisins þegar kemur að þeim viðburðum sem haldnir eru. Það er okkur mikilvægt að geta haldið viðburði án þess að þátttakendur þurfi að greiða fyrir, svo allir hafa jafna möguleika á því að vera með. Vilji er til að bæta enn frekar í viðburðahald á næstu árum og bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar á svæðinu. Það þarf oft ekki mikið svo hægt sé að koma saman, stunda íþróttir eða einfaldlega njóta samveru við sveitungana.



UMF. Snæfell

Á aðalfundi sem haldinn var 16. maí 2023 voru eftirtalin kjörin í aðalstjórn Snæfells:

Hjörleifur K Hjörleifsson formaður
María Alma Valdimarsdóttir gjaldkeri
Sigrún Erla Eyjólfsdóttir meðstjórnandi
Gísli Pálsson meðstjórnandi.

Varamenn voru kjörnir
Rósa Kristín Indriðadóttir
Kári Geir Jensson.



Fimm deildir störfuðu á árinu: badmintondeild, frjálsíþróttadeild, knattspyrnadeild og körfuknattleiksdeild og siglingadeild. Knattspyrnadeild og körfuknattleiksdeild eru fjárhagslega og rekstrarlega tvískiptar þ.e meistaraflokka og yngri flokka.

Starf deilda Snæfells hefur verið kröftugt og mikill metnaður í starfinu met fjöldi er að æfa þær greinar sem í boði eru. Það er orðið mjög aðkallandi að ráðist verði í byggingu fjölnota íþróttahúss, því staðan er sú að ekki fengu allar deildir þann tímafjölda sem þær óskuðu eftir vegna plássleysis í íþróttahúsinu. Sú staða er engan veginn ásættanleg fyrir starfið. Félagið þarf að fara í þá vinnu með sveitarfélaginu að gerð verði raunhæf áætlun um uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja. Gólf íþróttamiðstöðvar er orðið mjög lélegt og mjög brýnt að laga það.

Framtíðarsýn félagsins hlýtur að vera að efla og bæta starfið, en til að það geti orðið þarf eins og áður er getið að bæta æfinga- og keppnisaðstöðu félagsins. Ráða starfsmann í að minnsta kosti 50% starf, það myndi létta mjög á öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem leggja ómælda vinnu í starf félagsins.

Aðkoma sjálfboða við landsmót 50+ sem var haldið í Stykkishólmi s.l. sumar var til mikillar fyrirmyndar svo eftir var tekið. Mótið tókst í alla staði frábærlega þökk sé góðu skipulagi og ekki síst þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem voru tilbúin að vinna við mótið.

Að lokum vill aðalstjórn Snæfells þakka öllum þeim sem styrkja félagið á einn eða annan hátt. Sérstakar þakkir fá allir þeir sem eru tilbúnar að vinna mikið og fórnfúst sjálfboðaliða starf til að félagið geti vaxið og dafnað.

Hjörleifur k Hjörleifsson
Formaður UMF. Snæfells

Badmintondeild 2023

Badminton æfingar eru einu sinni í viku fyrir 2. til 6.bekk. Það koma í kringum 10 iðkendur á hverja æfingu. Krakkarnir eru dugleg að bjóða vinum sínum á æfingu að prófa og sum þeirra hafa haldið áfram að mæta. Einhverjir af iðkendunum eru ekki í öðrum íþróttum hjá Snæfell.

Æfingar eru samsettar af fjölbreyttum leikjum og drillum með og án badmintonsspaðans. Iðkendur æfa sjálfstætt, í pörum eða liðum til að auka getu og hreyfingu. Við æfum að taka uppgjöf og taka á móti flugunni. Síðan endum við æfinguna yfirleitt á spili í lokin. Þá spilum við marga stutta 1v1 leiki á langan og mjóan völl.

Frjálsíþróttadeild 2023

Starf frjálsíþróttadeildarinnar hjá Snæfelli tók mikinn kipp á síðastliðnu ári. Til deildarinnar komu tveir reyndir frjálsíþróttapjálfarar, Björg Gunnarsdóttir og Sveinbjörg Zophoníasdóttir sem hafa rifið upp starfið. Mikill áhugi er fyrir uppbyggingu deildarinnar meðal barna, foreldra og annarra bæjarbúa.

Í hverri viku eru fjórar frjálsíþróttæfingar í íþróttahúsinu hver hópur æfir einu sinni í viku. Æfingahóparnir eru fjórir talsins; 1. bekkur, 2. bekkur, 3. – 5. bekkur og 6. – 10. bekkur. Skráðir iðkendur eru 71. Björg er með yfirumsjón og þjálfar alla hópa, Sveinbjörg er þjálfari í yngri hópnum og Snjólfur Björnsson er þjálfari í elsta hópnum.

Í upphafi vetrar var mótaskrá FRÍ kynnt fyrir foreldrum og forráðamönnum. Tveir góðir hópar frá deildinni fóru á Bronsleika ÍR og Silfurleika ÍR í Laugardalshöll. Frjálsíþróttadeild Snæfells hélt utan um Jólamót HSH sem fór fram í íþróttahúsinu í Stykkishólmi í desember. Þar kepptu krakkarnir í 30 metra hlaupi, kúluvarpi og langstökki án atrennu. Þátttakendur voru 56. Mótið gekk mjög vel og er stefnan sett á að halda fleiri mót í íþróttahúsinu á næsta ári.

Markmið deildarinnar eru sett hátt. Markmiðin felast m.a. í bættri aðstöðu og þátttöku barna og ungmenna á Meistaramótum. Sótt var um styrk hjá Rannís fyrir tækjakaupum til að efla starf deildarinnar. Einnig fékk frjálsíþróttadeildin góðan styrk vegna þátttöku sjálfboðaliða á Landsmóti 50+ sem fram fór í Stykkishólmi. Frjálsíþróttakeppnin á Landsmóti 50+ fór virkilega vel fram. Keppnisgreinar voru 100 metra hlaup, 800 metra hlaup, langstökk, hástökk, kúluvarp, kringlukast og spjótast. Lærdómurinn af mótinu var mikill og hægt að nýta reynsluna fyrir komandi mót frjálsíþróttadeildarinnar.



**JÓLAMÓT HSH
KEPPENDUR OG ÞJÁLFAVAR**



FLOTTIR SNÆFELLSKRAKKAR Á BRONS- OG SILFURLEIKUM ÍR

Knattspyrnudeild, yngri flokkar 2023

Stjórn knattspyrnudeildar: Sigríður Bjarney Guðnadóttir, Agnes Helga Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ólöf Inga Stefánsdóttir og Þóra Stefánsdóttir.

Þann 30. nóvember var kosið í stjórn. Þá gengu Erla Friðriksdóttir og Sunna Rós Arnarsdóttir úr stjórn. Ólöf Inga Stefánsdóttir og Þóra Stefánsdóttir gengu í stjórn.

Stjórn Snæfellsnessamstarfs

Í stjórn Snæfellsnessamstarfsins frá Knattspyrnudeild Snæfells er: Agnes Helga Sigurðardóttir. Sú breyting varð á árinu að einungis einn fulltrúi frá hverju félagi sitja í stjórn Samstarfsins en voru tveir áður.

Þjálfarar

Þjálfarar á árinu voru þau Árni Þór Björnsson, Heiðrún Pálsdóttir aðstoðarþjálfari á vorönn og Boris Spasojevic aðstoðarþjálfari á haustönn.

Iðkendur og æfingar

Samtals eru iðkendur knattspyrnu 48.

Fjöldi iðkenda eftir flokkum:

- 3. flokkur 4
- 4. flokkur 8
- 5. flokkur 11
- 6. flokkur 11
- 7. flokkur 14

Öll kyn æfa saman. 3. og 4. fl. æfa saman. Hver flokkur æfir 3x í viku, nema 7. fl. æfir 2x í viku.

Þar sem ekki var pláss í íþróttahúsinu frá sl. hausti á virkum dögum fyrir þrjár æfingar í viku fyrir eldri flokka fluttust æfingar af miðvikudögum yfir á sunnudaga þegar ekki var lengur hægt að æfa utandyra vegna veðurs. Æfingar flytjast svo aftur á miðvikudaga þegar viðrar til útiæfinga á vellinum.

Sunnudagsæfingarnar hafa ekki reynst vel þar sem mæting á þær hefur verið mjög dræm. Um miðjan vetur var 5. fl. boðið að mæta á sunnudagsæfingar með 4. og 3. fl. þar sem fáir mæta á sunnudagsæfingarnar.

Foreldrafundur

Þann 30. nóvember var haldinn foreldrafundur. Allir foreldrar barna sem æfa fótbolta voru boðaðir á fundinn á FB síðu Snæfell – knattspyrnudeild, Sportabler og tilkynning send á alla foreldra frá Grunnskólanum. Fulltrúar stjórnar ásamt þjálfurum voru einnig á fundinum.

Dagskrá:

Þjálfarar fara yfir starfið

Kynning á Snæfellsnessamstarfinu

Kosning í stjórn

Önnur mál

Þjálfarar fóru yfir starfið hjá deildinni. Farið var yfir Snæfellsnessamstarfið og þær breytingar sem hafa orðið á því. Samæfingar verða mánaðarlega og skiptast bæjarfélögin á að halda þær. Þjálfarar frá öllum félögum mæta á samæfingarnar. Vakin var athygli á því að upplýsingar um mót koma á FB hvers flokks hjá samstarfinu og foreldrar hvattir til að finna viðeigandi hóp. Hver flokkur þarf að tilnefna einn tengilið þ.a. íþróttafélögin á Snæfellsnesi hafi hvert sinn tengil í hverjum flokki. Tengiliðir auglýsa mót sem framundan eru í viðkomandi FB hóp og sjá um skráningu liða á mót. Foreldrar í hverjum flokki ákveða á hvaða mót verður farið, sjá um fjáraflanir og útvega þjálfara á mótin. Samstarfið greiðir laun þjálfara á Faxaflómót, Íslandsmót, TM mót Stjörnunnar, TM mót í Eyjum, Norðurálmótið, Weetosmót, Síamótið, Set mótið, Orkumótið, Síamótið og Reyccup. Hvorki Snæfell né samstarfið greiða fyrir þjálfara á önnur mót. Foreldrar þurfa að bera þann kostnað.

Vakin var athygli á því að keppnisbúningar fást hjá Jako.

Stjórnarfundir

Haldnir voru nokkrir stjórnarfundir á árinu. Helsta umræðuefni stjórnarfunda var breyting á Snæfellsnessamstarfinu, fjáraflanir og undirbúningur foreldrafundar. Þá var ástand sparkvallarins einnig rætt. Ástand vallarins er því miður enn þannig að börn, boltar, föt og skór verða svört af gúmmíinu sem er í vellinum.

Körfuknattleiksdeild – meistaraflokkar 2023

Janúar - apríl

KK

Karlaliðið bætti við sig erlendum leikmanni í janúar. Donalds Doakes var góð viðbót við ungt og sprækt lið. Liðið komst í undanúrslit á móti Vestra. Leikurinn á móti Vestra vannst og komst Snæfell því í úrslitaeinvígi 2. deildar karla. Reglur um mótahald á næsta tímabili í 1. deild karla hafði verið breytt á ársþingi KKÍ þannig þarna var orðið ljóst að bæði Snæfell og Þróttur Vogum höfðu unnið sig upp um deild. Þróttur V unnu einvígið 2-0 og urðu deildarmeistarar 2. deildar og þurftum við að setta okkur við silfrið. Markmið tímabilsins náðust og markmiðið að halda áfram uppbyggingu meistaraflokks karla hélt áfram.

KVK

Stelpurnar spiluðu áfram á sama leikmannahóp. Þær komust í undanúrslit í bikarkeppninni annað árið í röð og spiluðu í Laugardalshöll 10. janúar á móti Haukun. Dýrmæt reynsla, þar sem stelpurnar sýndu kraft og kjark, leikurinn fór 98-62 fyrir Haukum. Liðið komst í úrslitakeppni 1. deildar sem hófst 23. mars, þar öttu þær kappi við Þór Akureyri og fór viðureignin 3-1 fyrir Þór. Snæfellskonur enduðu í 3. sæti í deildinni. Stemningin á úrslitakeppninni hér heima var alveg frábær og ekki laust við að gamall fílingur færi um marga.

Umgjörðin var gerð sem flottust, börn fengu að leiða leikmenn inn á völlinn og pizzur til sölu í hálfleik. Heilt yfir mjög flott tímabil hjá stelpunum.

Lokahóf:

Lokahóf meistaraflokkana fyrir tímabilið 2022-2023 var haldið á Narfeyrarstofu 20. maí og tímabilið gert upp. Venju samkvæmt voru ýmis verðlaun veitt og voru þau eftirfarandi:

Mikilvægasti leikmaður ársins mfl. kk 2022-2023: Axel Rafn Guðlaugsson

Varnarmaður ársins mfl. kk. 2022-2023: Aron Ingi Hinriksson

Ungi leikmaður ársins mfl. kk 2022-2023: Sturla Böðvarsson

Mestar framfarir mfl. kk. 2022-2023: Jason Ragnarsson

Mikilvægasti leikmaður ársins mfl. kvk 2022-2023: Rebekka Rán Karlsdóttir

Varnarmaður ársins mfl. kvk. 2022-2023: Ylenia Bonett

Mestar framfarir mfl. kvk. 2022-2023 og Ungi leikmaður ársins mfl. kvk 2022-2023: Adda Sigríður Ásmundsdóttir

Félagsmaður ársins: Ingimar Þrastarsson

Stjórn

Að mestu leyti ný stjórn tók við á vormánuðum, en Hjördís Pálsdóttir hélt áfram sem formaður. Ásamt henni var ný stjórn skipuð: Árni Ásgeirsson, Björg Einarisdóttir, Birta Antonsdóttir, Daníel Ali Kazmi og Hermann Hermannsson. Ólöf Inga Stefánsdóttir bættist svo einnig við um haustið. Arnór Óskarsson var fengin í það verkefni að sjá um markaðsmál fyrir félagið.

Er fráfarandi stjórn þakkað kærlega fyrir þeirra störf, þeim Gyðu Steinsdóttur, Óskari Hjartasyni og Óttari Sigurðssyni sem sátu í stjórn frá haustinu 2021.

Ágúst - desember

KK

Gunnlaugur Smárason hélt áfram með karlaliðið og aðstoðarþjálfari er Gísli Pálsson. Karlaliðið samdi við tvo erlenda leikmenn fyrir leiktímabilið og bætti við sig nokkrum íslenskum leikmönnum sem eru tengdir félaginu. Liðið hóf æfingar í ágúst og var góður kraftur í liðinu. Hópurinn er ungur og mun halda áfram að læra og er þetta tímabil greinilega erfiðara en við hældum, leikmenn fá margar stundir í reynslubankann góða. Fyrir áramót er liðið með tvo sigra í deildinni og níu töp. Það verður að segjast að tímabilið og töpin eru þung og þá sérstaklega fyrir ungan leikmannahóp. Margir leikir hefðu getað dottið báðu megin en því miður er liðið ekki nægilega reynslumikið og því hafa töpin orðið fleiri en þurfa þykir. Í desember var skipt um útlendinga og tveir stórir leikmenn teknir inn fyrir einn stóran. Eftir áramótin mun liðið því spila með þrjá útlendinga. Fallbaráttan verður hörð og ætlar liðið að gera allt til að falla ekki úr 1.deildinni, það yrði mikill skellur fyrir félagið.

KVK

Baldur Þorleifsson hélt áfram með kvennaliðið. Þar sem lið ÍR dró sig úr keppni í Subway deild var Snæfell boðið að taka sæti þeirra. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að þiggja boðið. Kvennaliðið hóf æfingar í ágúst. Rebekka Rán Karlsdóttir fyrirliði liðsins undanfarin ár, hafði um sumarið lagt skóna til hliðar þar sem hún var að fjölga mannkyninu. Við óskum henni

velfarnaðar og sjáum hana vonandi aftur á parketinu. Samið var við þrjá erlenda leikmenn, Shawnta Shaw frá Bandaríkjunum, Jasmine Jones frá Finnlandi og Mammusu Secka frá Svíþjóð, í október bættist svo Eva Rupnik landsliðskona við og bætti það miklu við hópinn. Auk þeirra náðum við að halda sama kjarna af heima stelpum frá fyrra tímabili. Þrátt fyrir að liðinu hafi ekki verið spá góðu gengi af sérfræðingum hefur þeim tekist að eiga marga jafna leiki við lið sem fyrirfram var talið að þær myndu tapa stórt fyrir.

Snjólfur Björnsson sér um styrktar þjálfun fyrir liðin, einnig var gerður samningur við Stefán Karel Torfason á meðhöndlun á meiðslum.

Fjárafilanir og fleira

Meistaraflokkar tóku þátt í fjáröflun fyrir þorablótið í febrúar, sem var að sjá um bera stóla og borð inn í íþróttahúsið og raða því upp, setja upp svið og svo frágangur á eftir. Einnig var fjáröflun að sjá um kaffiveitingar á Júlíönu hátíð, í safnaðarheimilinu.

Þriðjudaginn 30. maí 2023, var nýtt stuðningsmannafélag kkd. Snæfells stofnað. Góð mæting var á stofnfund félagsins og sköpuðust góðar umræður um hlutverk og framtíðarsýn félagsins. Stjórn sveitarinnar skipa þau Heiðrún Edda Pálsdóttir, Oddfreyr Ágúst Atlason, Valdís Helga Alexandersdóttir og Bæring Núi Dagsson.

Í júní var planið hjá íþróttahúsinu málað. Sama mánuð tóku meistaraflokkar þátt í fjáröflun á Dönskum dögum, sem var að sjá um barinn og þrif á balli með Stjórninni, var þetta gert í samstarfi við FAS, yngri flokka stjórn kkd. Snæfells og Hesteigandafélagið. Einnig fengu meistaraflokkar greitt fyrir verkefni tengd Landsmóti UMFÍ 50+.

Lagt var upp með það strax að hafa umgjörð á nýju tímabili sem flottasta og hefur m.a. verið hægt að kaupa grillaða hamborgara og ýmislegt góðgæti í sjoppunni. Árskort voru með breyttu sniði þar sem hægt var að kaupa mismunandi kort, Gull, Silfur og Brons, en með gullkorti fylgir frítt kaffi og bakkelsi. Nesbrauð hefur styrkt okkur um bakkelsi sem leikmenn fá eftir leiki og einnig hefur MS styrkt okkur með Hleðslu. Einnig hefur stundum verið heimabakað bakkelsi. Í haust áttu sér stað hræðilegir atburðir í Grindavík sem ekki sér fyrir endann á. Stjórnin tók þá ákvörðun að safna fyrir kkd. Grindavíkur en allur ágóði af tveimur heimaleikjum rann til Körfuknattleiksdeildar Grindavíkur, söfnuðust 219.000 kr.

Sem fjáröflun tóku flokkarnir að sér að leika jólasveina og fara með pakka í heimahús á aðfangadagsmorgun, er þetta í annað sinn sem þetta er gert og gekk mjög vel. Snæfells happdrættið var einnig góð fjáröflun en hún var unnin með stjórn yngri flokka Snæfells í körfubolta. Einnig tóku liðin þátt í dósa- og flösku söfnun/talningu, eins og undanfarin ár sem og sölu á klósettpappír og eldhúsrúllum

Páll Aðalsteinsson og Anna Reynisdóttir hafa áfram umsjón með sumarhúsum í Arnarborgum. María Alma Valdimarsdóttir og Helga Guðmundsdóttir sjá um klósettpappírssölu, kunnum við þeim öllum bestu þakkir fyrir, sem og Hjörleifi Kristni Hjörleifssyni fyrir alla aðstoð varðandi flöskusöfnun og Skipavík fyrir aðstöðuna þar.

Heimaleikjaráð er einnig vel mannað og kunnum við öllum bestu þakkir fyrir hjálpina á leikjum, en Steinunn Alva Lárusdóttir hefur séð um að leikirnir séu mannaðir.

Dagný Inga Magnúsdóttir og Alfa Magðalena Frost hafa séð um að manna ritaraborð og kann stjórnin þeim sínar bestu þakkir fyrir hjálpina.

Jafnframt erum við gríðarlega þakklát öllu þeim fyrirtækjum sem styrkja okkur stuðningsmönnum okkar og öllum þeim sem aðstoða okkur á einn eða annan hátt.

Hjördís Pálsdóttir
Formaður 2021-2023

Augnablik frá árinu 2023 (ljósmyndir frá Summa og fleirum).







Ársmiðasala KKD. Snæfells



Gullkort

- Gildir fyrir tvo á alla leiki í deildarkeppni kvenna og karla á tímabilinu 2023/2024 (gott fyrir þór eða hjón).
- Kort skráð á lögheimili.
- Innifalið er: kaffi í hálfleik (ábót fylgir) og fjölbreytt með kaffinu á leikjum
- Öryrkjar og eldriborgarar greiða 40.000kr.-



Silfurkort

- Gildir fyrir einn á alla leiki í deildarkeppni kvenna og karla á tímabilinu 2023/2024.
- Innifalið er: kaffi í hálfleik (ábót fylgir) og fjölbreytt með kaffinu á leikjum
- Öryrkjar og eldriborgarar greiða 25.000kr.-



Bronskortið

- Gildir fyrir einn á alla leiki í deildarkeppni kvenna og karla á tímabilinu 2023/2024.
- Öryrkjar og eldriborgarar greiða 20.000kr.-



Afram Snæfell - út um allan heim

- Stuðningsmenn og velunnarar geta stutt við bakið á Snæfell með frjálsum framlögum.

Skannaðu QR



Barna og unglingaráð í körfuknattleik árið 2023

Stjórn deildar

- Birta Antonsdóttir formaður
- Sara Hjörleifsdóttir gjaldkeri
- Dagný Hermansdóttir meðstjórnandi
- Anna Hallgrímsdóttir meðstjórnandi
- Tinna Ólafsdóttir meðstjórnandi
- Arna Sædal Andrésdóttir varamaður

Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendafjöldi deildarinnar var 110

Þjálfarar deildarinnar

Óttar Sigurðsson þjálfari 12. og 10.flokks kvenna og 8.flokks drengja

Gísli Pálsson 11.flokkur karla

Jaeden King þjálfari 10.flokks karla

Rebekka Rán Karlsdóttir þjálfari 8.flokks stúlkna

Hjalti Kristinsson þjálfari MB 11 ára

Heiðrún Edda Pálsdóttir þjálfari MB 10 ára og 1.- 2.bekkjar

Rósa Kristín Indriðadóttir þjálfari MB 11 ára og 1.- 2.bekkjar

Helga Hjördís Björgvinsdóttir þjálfari 3.bekkjar

Iðkendur félagsins í landsliðsverkefnum

Þeir iðkendur okkar sem valin hafa verið til landsliðsverkefna eru Adda Sigríður Ásmundsdóttir sem tók þátt í U15 ára verkefni sumarsins og var svo valin í U16 ára æfingahóp um haustið. Sturla Böðvarsson sem tók þátt í U15 ára verkefni sumarsins og var svo valin á U16 ára æfingahóp. Alfa Magðalena Frost var valin í æfingahóp U18.

Starf deildarinnar

Lokahóf fór fram í maí og var ákveðið að slá því saman við fjáröflun deildarinnar driplmaraþon. Það fór þannig fram að hópnum var skipt upp og þau dripluðu allar götur bæjarins og söfnuðu áheitum í leiðinni. Á lokahófinu voru grillaðar pylsur og iðkendur fengu afhentar forláta Snæfellsderhúfur. Einnig voru veittar viðurkenningar í elstu flokkunum.

Ákveðið var sumarið 2023 að leita til nágretta okkar í Borgarnesi um samstarf í nokkrum flokkum sem voru orðnir frekar fámennir hjá okkur. Það voru 10. og 12. flokkur stúlkna og 11. flokkur drengja. Skráðum við þessa flokka til leiks saman þá um sumarið og hófum þar með samstarf. Lagt var upp með að flokkarnir myndu æfa saman einu sinni í viku til skiptis í Borgarnesi og Stykkishólmi. Samstarf eins og þetta er mjög mikilvægt bæði fyrir okkur og kollega okkar í Borgarnesi sem eigum erfitt með að halda úti nægilegum fjölda iðkenda á þessum aldri.

Foreldrafundir voru haldnir í upphafi tímabils. Þar fórum við yfir veturinn sem fram undan er og hvernig skipulag mótahalds fer fram. Þessir fundir eru oft nokkuð vel sóttir.

Við höldum dómaranámskeið til þess að auka við dómarahópinn okkar hérna heima þar sem við þurfum að manna leiki í 12. og 11. flokki með KKÍ dómurum.

Haldið var jólauppbrot fyrir hópana okkar, sem við skiptum í tvennt. Yngri hópurinn horfði á bíómynd og fékk popp og svala á meðan 5. bekk og eldri var skipt í lið og spiluðu þau á litlu innanhúsmóti.

Mótahald

Við sendum átta flokka til keppni á Íslandsmóti á tímabilinu 2023-2024.

Tókum þátt í fjölmörgum mótum fyrir yngstu iðkendurnar og þar ber helst að nefna Nettó mótið í Reykjanesbæ þar sem við sendum 67 iðkendum til keppni í 12 liðum. Sem er einn stærsti hópur sem við höfum sent frá okkur á fjölliðamót.

Framtíðarsýn

Halda áfram uppbyggingu á starfinu okkar, fjölga ikendum í drengjahópunum okkar sem og iðkendum af erlendum uppruna.



Siglingadeild 2023

Í júnímánuði hélt Siglingadeild Snæfells 4 námskeið fyrir börn á aldrinum 10 – 15 ára þar sem farið var í grunnþætti siglinga á Topaz skútum, kynnst kajak siglingum og sulað í sjónum. Námskeiðin voru öll vel sótt og tókst vel til. Leiðbeinendur á námskeiðunum voru ungmenni sem vinnuskóli Stykkishólmsbæjar úthlutaði. Þessi ungmenni; Ágústa, Íris Ísafold og Guðmundur Gísli fóru á 4 daga þjálfaranámskeið á vegum Siglingasambands Íslands í apríl ásamt Sigrúnu Erlu og Ásdísi. Kennarinn á námskeiðinu var Rob Holden fyrrum fræðslu og þróunarstjóri Alþjóða Siglingasambandsins. Í framhaldi af námskeiðinu heimsótti hann okkur hingað í Stykkishólm í 3 daga í júní og fylgdi leiðbeinendunum eftir í sinni vinnu. Það var mikil lyftistöng fyrir siglingadeildina að fá hann til okkar. Nú á siglingadeildin 4 Topaz skútur sem komnar eru til ára sinna en Rob aðstoðaði okkur við lítils háttar viðhald á þeim. Jafnframt á deildin 4 kajaka og nokkur gömul seglbretti. Næstu skref siglingadeildarinnar eru að koma upp varanlegu aðstöðuhúsi á bryggjunni svo hægt sé að geyma búnaðinn þar og stunda siglingar þegar vel viðrar til þess.

Ásdís Árnadóttir formaður og Sigrún Erla Eyjólfadóttir gjaldkeri.

UMF. Grundarfjörður

Ársskýrsla Ungmennafélags Grundarfjarðar fyrir árið 2023

Aðalfundur verður haldinn í Samkomuhúsi Grundarfjarðar 2. maí 2024

Stjórn félagsins

- Formaður – Sigríður G Arnardóttir
- Gjaldkeri – Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir
- Ritari – Gyða Rós Freysdóttir
- Meðstjórnandi – Guðbrandur Gunnar Garðarsson
- Meðstjórnandi – Tryggvi Hafsteinsson



Iðkenda fjöldi, flokkar og þjálfaramál

Á vorönn var í boði að æfa fimm íþróttagreinar auk íþróttaskólans, yfir sumarið var hægt að æfa fótbolta og sund og á haustönn var í boði að æfa sjö íþróttagreinar auk íþróttaskólans.

- Badminton, var í boði á haustönn. Þjálfari Guðbrandur Gunnar Garðarsson og iðkendur voru 11 frá 3. bekk og eldri.
- Blak, var í boði bæði á vorönn og á haustönn. Þjálfari Mladen Svitlica. Iðkendur voru 17 á vorönn frá 1. bekk og eldri og 24 á haustönn frá 4. bekk og eldri.
- Fimleikar voru í boði bæði á vorönn og á haustönn. Þjálfara Eva Kristín Kristjánsdóttir og Júlíus Freyr Freysson. Iðkendur á vorönn voru 16 frá 1. bekk og eldri og á haustönn voru 22 iðkendur frá 1. bekk og eldri.
- Fótbolti var í boði á vor um sumarið og á haustönn. Þjálfarar á vorönn voru Minela Crnac, Kristín Halla Haraldsdóttir, Kristján Freyr Tómasson og Ólafur Ólafsson. Iðkendur á vorönn voru 39. Þjálfari yfir sumartímenn var Anel Crnac, vantar iðkendatölur. Þjálfarar á haustönn voru Kristín Halla Haraldsdóttir, Kristján Freyr Tómasson, Gunnar Andri Pétursson, Pálmi Jóhannsson og Ólafur Ólafsson. Iðkendur á haustönn voru 76, þar sem yngstu iðkendur okkar eru á fimmta ári í leikskólanum Sólvöllum.
- Frjálsar íþróttir voru í boði bæði á vorönn og á haustönn. Þjálfari Kristín Halla Haraldsdóttir. Iðkendur á vorönn voru 24 frá 1. bekk og eldri og á haustönn voru 17 iðkendur.
- Korfubolti var í boði á haustönn, þjálfari Sigurður Gísli Guðjónsson. Iðkendur voru 14 frá 4. bekk og eldri.
- Rafíþróttir voru í boði bæði á vorönn og á haustönn. Þjálfari Sigurður Heiðar Valgeirsson. Iðkendur á vorönn voru 18 frá 3. bekk og eldri í tveimur hópum. Á haustönn voru 11 iðkendur frá 3. bekk og eldri.
- Sund var í boði um sumarið, þjálfari Guðbrandur Gunnar Garðarsson, vantar iðkendatölur.

Hér má sjá það helsta úr starfi UMF. Grundarfjarðar árið 2023.

Í janúar hélt félagið nýtni viku í samstarfi við Grundarfjarðarbæ þar sem ætlunin var að virkja hringrásarkerfið þar sem hægt var að koma með íþróttafatnað, íþróttadót eða annað íþróttatengt í anddyri Samkomuhússins og skilja þar eftir. Í vikunni var einnig lögð áhersla á að koma því sem kom á markaðinn áfram. Það sem eftir stóð að vikunni lokinni fór í Rauða krossinn. Á skólaárinu 2022-2023 bauð félagið uppá blak, fótbolta, fimleika, frjálsar og rafíþróttir.



Félagið fundaði með þjálfurum 27. febrúar þar sem farið var yfir verktakasamninga, vinnureglur og siðareglur þjálfara auk annarra mála. Laugardaginn 4. mars vann lið UMFG Krakkakviss í spennandi úrslitaviðureign á móti liði KR. Í liði félagsins voru Hans Bjarni Sigurbjörnsson, Krista Rún Þrastardóttir og Haukur Orri Heiðarsson nemendur í grunnskóla Grundarfjarðar. Aðalfundur félagsins var haldin í Samkomuhúsi Grundarfjarðar miðvikudaginn 10. maí. Mjög góð mæting var á fundinn og sköpuðust þar góðar og gagnlegar umræður ásamt því að nokkrar hugmyndir komu þar fram. Breytingar voru í stjórn félagsins þar sem Lísu Ásgeirsdóttir, Ragnar Smári Guðmundsson og Tómas Freyr Kristjánsson sögðu sig úr stjórn og í þeirra stað komu inn Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir sem gjaldkeri, Gyða Rós Freysdóttir sem ritari og Tryggvi Hafsteinsson sem meðstjórnandi. Lísu, Ragnari og Tómasi þökkum við kærlega fyrir góð störf í þágu UMFG. Helgina 12. – 14. maí fór hópur barna á seinni hluta Íslandsmótsins í blaki sem haldin var á Neskaupsstað. Þangað fóru 14 börn ásamt Grétu og Rúnu fararstjórum og Mladen þjálfara. UMFG sendi fjögur lið til þátttöku og náðu liðin öll þeim frábæra áfanga að taka sæti á verðlaunapalli. U10 stúlkur urðu í 1. sæti, ekki krýndir Íslandsmeistarar í þessum flokki, U12 piltar voru krýndir Íslandsmeistarar í sínum aldursflokki, U12 blandað lið lenti í 3. sæti og U14 stúlkur lentu í 3. sæti.



Þessi frábæri hópur keyrði hringinn í kringum Ísland þessa helgi þar sem norðurleiðin var orðin ófær þegar kom að heimferð.

Sumartafla UMFG var í gildi frá 5. júní til 18. ágúst, þær íþróttagreinar sem félagið bauð upp á voru fótbolta og sund. Í júní kom Moli frá KSÍ í sína árlegu heimsókn, að vanda var góð mæting. UMFG hélt uppskeruhátíð félagsins 17. júní líkt og hefur verið

sl. ár, dagurinn hófst á árlegu Grundar- og Kvernárhlaupi þar sem Gunnar Andri og Pálmi fótboltaþjálfarar sáu um upphitunina. Kjörbúðin styrkti félagið um ávexti fyrir hlaupara, góð þátttaka var og komu margir til að hvetja hlauparana í mark. Að loknum hlaupum var haldið upp í sundlaug þar sem haldið var sundmót félagsins. Rík hefð var fyrir 17. júní sundmóti í

Grundarfirði en það mót lagðist af í mörg ár og þótti félaginu það skemmtileg viðbót að endurvekja þá hefð.

Að sundmóti loknu var þátttakendum, bæjarbúum og gestum og gangandi boðið í grillveislu félagsins. Þátttakendum í hlaupunum og í sundi fengu verðlaunapening og félagið gaf öllum iðkendum sínum bol með merki félagsins. Þann 10. júlí, hélt UMFG upp á 90 ára afmæli félagsins í Samkomuhúsi Grundarfjarðar. Gestum og gangandi var boðið í veislu þar sem hægt var að skoða myndir, muni líkt og Steinþórsskjöldinn o.fl. í eigu félagsins og gamla búninga, þar sem margir er orðnir nokkurra tuga gamlir. Félagið hefur verið duglegt að gefa iðkendum sínum búninga, með gamla merki félagsins og er gaman að segja frá því að það fór fjölskylda frá Grundarfirði merkt UMFG á þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Einnig fóru gamlir búningar bæði til Noregs og Danmerkur þar sem þeir vöktu upp nostalgíu hjá mörgum fyrrum iðkendum félagsins. Iðkendur UMFG tóku þátt í hinum ýmsu fótboldamótum á vegum Snæfellsnessamstarfsins m.a. á Norðurálsmótinu á Akranesi, TM og Orkumótinu í Vestmannaeyjum, N1 á Akureyri, Reykup í Reykjavík og Síamótið í Kópavogi. Allir flokkar stóðu sig vel og voru félögum sínum til sóma.

Dagana 25. ágúst – 1. september var UMFG aftur með nýtni viku í samstarfi við Grundarfjarðarbæ í upphafi skólaársins sem tókst vel. Vetrartaflan var birt og æfingar skv. henni hófust mánudaginn 4. september. Líkt og undanfarin ár þá eru fyrstu tvær vikurnar eftir að tafla félagsins er birt prufu vikur og því gjaldfrjálsar. Félagið býður upp á sjö íþróttagreinar skólaárið 2023-2024 auk íþróttaskólans og foreldrafótboltans sem settur var aftur á, á laugardögum. Á skólaárinu er því í boði að æfa badminton, blak, fótbolta, fimleikar, frjálsar, körfubolta og rafíþróttir. Í tilefni af íþróttaviku Evrópu bauð UMFG í samstarfi við Grundarfjarðarbæ og ÍSÍ upp á fyrirlestur með Pálmari Ragnarssyni sem fjallaði um það hvernig á að vera fyrirmyndar íþróttforeldri, að honum loknum ræddi Pálmar aðeins við þjálfara félagsins. Víkingur Ólafsvík, Reynir Hellissandi, UMFG og Snæfell gengu frá 3ja ára samstarfssamningi um fótboldasamstarf í september og situr Ragnar Smári Guðmundsson í stjórn þess fyrir hönd UMFG. Tveir þjálfarar hófu nám í þjálfaramenntun ÍSÍ í lok september.



Fyrsta samæfingin hjá nýju samstarfi var haldin í Grundarfirði þar sem Gunnar Andri og Pálmi stjórnðu æfingum fyrir 4. 5. og 6. fl. á Grundarfjarðarvelli og Kristín Halla sá um 7. fl. í íþróttahúsinu. Vel var mætt á þessar æfingar og voru foreldrar mjög ánægðir með þjálfara félagsins. Síðustu helgina í október fór hópur krakka að keppa í blaki á Íslandsmóti U14 og U16 og haustmóti U12 í Varmá í Mosfellsbæ. UMFG var með þrjú U12 lið á mótinu. Hópurinn gisti saman í Varmárskóla og voru margir að fara á sitt fyrsta mót. Seinni helmingur Íslandsmótsins verður svo spilaður á Neskaupsstað í maí 2024 þar sem úrslit mótsins mun ráðast. Í byrjun nóvember bauð UMFG þjálfurum félagsins, þjálfurum hjá Snæfell og þjálfurum

Víkings/Reynis á námskeið á vegum Sportabler ætlað þjálfurum. Á námskeiðið mættu 13 þjálfarar frá tveimur félögum. UMFG átti tvo keppendur á ÍR mótinu í frjálsum með HSH. UMFG keypti endurskinsmerki með merki félagsins og gaf öllum börnum í leik- og grunnskóla Grundarfjarðar. Félaginu fannst nauðsynlegt að iðkendur okkar séu vel sýnileg á leið til og frá skóla og æfingum yfir svartasta skammdegið. Aðventumót HSH í frjálsum íþróttum var haldið 9. desember í Íþróttahúsinu í Stykkishólmi. UMFG átti 2 þátttakendur sem stóðu sig allir með þrýði. Æfingar félagsins fóru í jólafrí 18. desember, en fótboltaþjálfararnir buðu upp á aukaæfingu 27. desember. Á gamlárstag fór fram krýning á íþróttamanni ársins og sjálfboðaliðum í félags- og tómstundastörfum. Anna María Reynisdóttir fulltrúi mfl. kvenna í blaki var valin íþróttamaður Grundarfjarðar og Grétu Sigurðardóttir voru þokkuð sjálfboðaliðastörf í þágu krakkablaks í Grundarfirði.

Rekstur félags

Heilt yfir þá stendur rekstur félagsins nokkuð vel, sjá ársreikning fyrir árið 2023 með fyrirvara um samþykkt á aðalfundi sem haldin verður 2. maí í Samkomuhúsi Grundarfjarðar.

Framtíðarsýn

Á undanfögnu ári hefur íþróttastarf félagsins gengið vel og er von okkar að í framtíðinni getum við boðið upp á fjölbreytt val íþróttagreina eins og verið hefur á undanfögnu ári. Iðkendur félagsins eiga að hljóta grunnfærni í þeim íþróttagreinum sem kenndar eru og vera samanburðarhæf á þeim mótum sem þeir fara á. Því myndum við vilja sjá iðkendur félagsins taka þátt í þeim mótum sem í boði eru sama hvort sé um að ræða fótbolta, frjálsíþróttamót, rafíþróttamót eða annað. Við horfum björtum augum til framtíðar og vonumst til að fá betri íþróttaaðstöðu á komandi árum.

UMF Víkingur/Reynir

Aðalfundur verður ákveðin um leið og ársreikningur skilar sér.

Stjórn félags

- o Tinna Ýr Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri
- o Margrét Eva Einarsdóttir formaður
- o Helga Guðrún Sigurðardóttir/ Tinna Ýr Gunnarsdóttir gjaldkerar
- o Selma Pétursdóttir ritari
- o Kristjana Pétursdóttir meðstjórnandi



Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Við erum með 210 iðkendur í fótbolta frá 8. fl. og upp í 2. fl. og þar þjálfar Brynjar- Aron og Beca og svo bætast við þjálfarar yfir sumar tímann.

Í frjálsum æfa 28 börn í tveimur hópum annars vegar 1. -2. bekkur og hins vegar 3.-7. bekkur og þar er þjálfari Ingunn Ýr.

Í handbolta eru 26 iðkendur sem æfa saman og eru þau frá 2.-7. bekk og þar þjálfar Aron núna en Tinna var fyrir sumarið.

Sund krakkarnir voru 34 að æfa í 2. - 8. bekk og þar þjálfar Helga Guðrún en með henni í fyrra var Stefanía.

Í rafíþróttum eru 2 hópar með alls 22 krökkum í 5. - 8. bekk og þar eru þjálfarar Hreinn Ingi og Hjörtur.

Í boccia eru svo 5 og þar er Ármann að þjálfar.

Í íþróttaskólanum voru svo 29 börn en þar er það Kristfríður sem þjálfar.

Starf félagsins/deildarinnar

Starfið okkar gekk vel á liðnu ári og við erum alltaf að gefa í hvað varðar fjölbreytni í okkar starfi. Við bjóðum upp á fótbolta- handbolta- frjálssar - sund- boccia - rafíþróttir og íþróttaskóla auk þess vorum við með dansnámskeið í sumar. Við höldum sundmót fyrir okkar krakka- fótboltamaraðon Snæfellsnessamstarfsins var haldið hér í Ólafsvík og heppnaðist mjög vel.

Í sumar vorum við með dansnámskeið fyrir 7- 11 ára börn þar sem Hanna kenndi börnunum að dansa sem var vel sótt og tókst mjög vel.

Í haust byrjuðum við svo aftur með frjálssar íþróttir sem hafði verið í pásu í 2 ár og það fer mjög vel af stað og gengur mjög vel og fóru nokkrir krakkar frá okkur og kepptu undir merkjum HSH með öðrum krökkum á nesinu.

Við fórum á fyrsta handboltamótið okkar í fyrra með 8 hressa stráka sem gerðu sér lítið fyrir og lentu í 2. sæti á sínu fyrsta móti, en það má taka það fram að við vorum bara búin að æfa hálfan vetur og einungis 1 sinni í viku þegar þetta var svo þetta var glæsilegur árangur hjá þeim.

Sund krakkarnir okkar fóru á mót á Kleppjárnsreykjum og stóðu sig mjög vel. Páskamótið hjá þeim var svo á sínum stað þar sem allir fengu páskaegg eftir flott sundmót.

Fótbolta krakkarnir fóru á mörg mót og kepptu sem Snæfellsnes og gekk þeim mjög vel og stóðu sig allir með prýði og má þar helst nefna N1 mótið á Akureyri, Orkumótið í Vestmannaeyjum, Norðurálsmótið á Akranesi, Síamótið í Kópavogi og TM mótið í eyjum og svo vorum við með mörg lið í bæði Faxaflóamótinu og Íslandsmótinu. Það fóru 2 flottir fulltrúar frá okkur á æfingar hjá KSÍ hæfileikamótun og stóðu sig mjög vel en það voru þær Kristín Emelía og Margrét Arnbjörg. 2. Flokkur kvenna var stofnaður og spila þær undir merkjum Víkings Ó, það fór mjög vel af stað og erum við spenntar að fylgja því verkefni eftir.

Rekstur félagsins gengur bara ágætlega, við erum full af orku og erum búin að fjárfesta í pylsu-pott og ætlum að selja pylsur á mfl leikjum í sumar. Erum með glæsilegan matarvagn sem við notum á heimaleikjum, mikil stemning að geta verið úti með sjoppuna, og er foreldrum barna sem iðka íþróttir hjá okkur úthlutað sjoppuvakt frá apríl-ágúst. Á góðum dögum tökum við fram grillið og seljum grillaða hamborgara.

Við erum bjartsýnar fyrir framtíðinni og höldum áfram að efla íþróttastarf hér í Snæfellsbæ og vonandi náum við að halda fjölbreytni í starfinu áfram.

Takk fyrir okkur.







UMF. Staðarsveit

Ársskýrsla fyrir árið 2023

Í þessari skýrslu verður farið yfir það helsta sem gert var á árinu 2023. Stjórnin þakkar samveruna og samstarfið við viðburði félagsins.

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn í félagsheimilinu að Lýsuhóli þann 30. mars, almenn aðalfundarstörf. Á fundinum var sitjandi stjórn kosin til áframhaldandi setu.



Barnakór

Hólmfríður Friðjónsdóttir stjórnaði barnakórsæfingum fyrir þá nemendur í Lýsuhólsskóla sem vilja. Æfingarnar eru í boði UMF. Staðarsveitar.

Hljóðkerfi fyrir Félagsheimilið að Lýsuhóli

Ungmennafélag Staðarsveitar veitti styrk til kaupa og uppsetningar á nýju hljóðkerfi í Félagsheimilið að Lýsuhóli. Hljóðkerfið hefur verið sett upp og tekið í notkun og er það talin mikil búbót fyrir félagsheimilið.

Þjóðhátíðardagurinn

17. júní var haldinn hátíðlegur á íþróttavellinum að Lýsuhóli þar sem farið var í skruðgöngu og leiki og síðan boðið upp á veitingar. Særós Freyja var fjallkonan að þessu sinni og las hún upp fyrsta erindið í Íslands minni eftir Bjarna Thorarensen. Að lokum bauðst viðstöddum að skella sér í Lýsulaugar.

Sandkastalakeppni

Það var haldin sandkastalakeppni í fjörunni við Ósakot, þann 16. júlí. Þátttaka var góð og allir fengu viðurkenningarskjal fyrir sinn kastala. Soffía Margrét Þórðardóttir hlaut farandverðlaunagripinn Ægiskórónuna fyrir gerðarlegasta kastalann. Eftir að keppni lauk var boðið upp á hressingu.

Unglingalandsmót

UMF. Staðarsveitar. átti fulltrúa á unglingalandsmóti U.M.F.Í. á Sauðárkróki 2023. Þær Margrét, Starshia, Una og Diljá skelltu í blaklið og stóðu sig með prýði.

Vatnasundkeppni

Þann 17. ágúst var hið árlega vatnasund haldið. Synt var í Torfavatni og hafði Þormóður Garðar Símonarson í Tvíodda umsjón með sundinu. Jón Svavar Þórðarson bar sigur úr þítum í barnaflokkum en frænkurnar Ragnhildur Sigurðardóttir og Hlédís Sveinsdóttir deildu fyrsta sætinu í fullorðins flokki. Að sundi loknu bauðst þátttakendum að ylja sér í Lýsulaugum.

Silfurmót ÍR

UMF. Staðarsveitar átti fulltrúa á Silfurmóti ÍR sem haldið var þann 18. nóvember í Laugardalshöllinni. Þorgrímur Þórðarson tók þátt í flokki 8-9 ára og stóð sig með þryði.

Áramótabrenna

Hlaðið var í brennu þann 30. desember á Kirkjuhóli og hún tendruð þá um kvöldið. Björgunarsveitin Lífsbjörg kom og sá um flugeldasýningu. Brennustjóri var Guðmundur Grétar Bjarnason og skvettir var Einar Sigurðsson.

Það sem er framundan

Hægt er að fylgjast með hvað er framundan á fésbókarsíðu félagsins. Einnig viljum við benda á heimasíðuna okkar, www.umfstadar.is

Stjórn Ungmennafélagsins 2023:

Sigurósk Sunna Magnúsdóttir, formaður.

Eiríkur Böðvar Rúnarsson, ritari.

Þórður Svavarsson, gjaldkeri.

Meðstjórnendur:

Guðmundur Bjarnason.

Björn Ástvar Sigurjónsson.

Sóldís Fannberg Þórsdóttir.

Varamenn:

Silja Sigurðardóttir

Þóra Kristín Magnúsdóttir

Kristján Þórðarson

Endurskoðendur:

Þorkell Símonarson


Rósa Erlendsdóttir

Íþróttafélag Miklaholtshrepps

Aðalfundur var haldinn 4. apríl 2023 að Breiðabliki. Ársskýrsla og reikningar fyrir árið 2022 lögð fram og samþykkt. Formaður/Gjaldkeri: Laufey Bjarnadóttir. Ritari: Katharina Kotschote.

Fulltrúar frá ÍM fóru á héraðsþing HSH í Lindartungu, sem jafnframt var 100 ára afmælisþing HSH sem stofnað var 1922. Einn félagi úr ÍM, Harpa Jónsdóttir frá Hjarðarfelli, var sæmd gullmerki UMFÍ fyrir störf sín í gegnum árin. Á árinu 2023 var hirt um völlinn á Breiðabliki, borið á hann og sleginn. Landsmót 50+ var haldið í Stykkishólmi sl. sumar, þangað fóru nokkrir félagar úr ÍM og kepptu í frjálsum íþróttum við gott gengi og mikla gleði. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki og þangað fóru félagar úr ÍM að keppa og njóta þess sem í boði var á Sauðárkróki, mótið var hið skemmtilegasta og margt í boði. Nokkrir félagar fóru á Silfurleika ÍR sl. haust og jólamót HSH í frjálsum íþróttum í Stykkishólmi. Í gegnum árin hefur að jafnaði verið haldið spilakvöld á vegum ÍM milli jóla og nýárs. Eftir nokkurt hlé á því var það endurvakið á árinu, þar sem ÍM og Kvenfélagið Liljan stóðu að því saman. Kaffihúsið Hjá Góðu fólki bauð fram aðstöðu sína. Vel var mætt, spiluð var félagsvist og höfðu allir mikið gaman af. Stefnan er svo að hafa fleiri spilakvöld yfir árið og vekja upp meiri starfsemi á vegum félagsins.





Hestamannafélagið Snæfellingur

Stjórn Snæfellinga

Formaður Herborg S. Sigurðardóttir Helgafellssveit, gjaldkeri Ólafur Tryggvason Grundarfirði, ritari Íris Huld Sigurbjörnsdóttir Stykkishólmi, aðrir meðstjórnendur Hlynur Þór Hjaltason Stykkishólmi og Sölvi Konráðsson Ólafsvík.

Varastjórn

Katharina Kotcik Eyja-og Miklaholtshreppi, Nadine E. Walter Helgafellssveit, Hildur Ósk Þórsdóttir Hellissandi, Ásdís Ó. Sigurðardóttir Stykkishólmi, Stefán S. Kristófersson Ólafsvík.



Iðkendafjöldi er 281.

Starf félagsins

Stjórn hefur hist reglulega og fundað. Einnig hefur tölvupóstur og facebook síða stjórnarinnar verið nýttar til að leysa það sem þarf á milli funda. Formaður, gjaldkeri og einn meðstjórnandi fóru á formannafundinn hjá LH. Sendum 4 fulltrúa á HSH þingið. Formaður og gjaldkeri fóru á fund í mars í Borgarnesi með stjórn LH

Byrjuðum árið á því að fá Gunnar Halldórsson járngameistara til að koma og halda fyrirlestur um járnungu. Næsti fyrirlestur var svo á aðalfundinum Einar Ásgeirsson fóðurfræðingur fjallaði um fóðrun reiðhesta og keppnishesta. Tanja Rún Jóhannsdóttir dýralæknir fjallaði um stoðkerfið og áhrif þjálfunar á það og helstu áhættuþætti. Í haust var svo Magnús Lárusson með fyrirlestur um hvernig má bæta höfuðburð hesta og hreinleika gangtegunda. Allir þessir fyrirlestrar voru í boði Snæfellinga. Fólaldasýning var í Söðulsholti. Nokkrir félagar tóku sig saman og fóru saman á Stórsýningu Fáks. Voru félagsmenn almennt duglegir að boða til sameiginlegra reiðtúra og var þátttakan góð. Pöntuð voru rauð hálsbindi með merki félagsins á. Reikna má með að eitthvað verði farið í að panta merktar peysur fyrir landsmót.

Félagið tók að sér að sjá um hestaþróttir á landsmóti 50 + en það var ekki næg þátttaka til að það yrði. HSH bað um tilnefningu á sjálfbóðaliða ársins og tilnefndum við Ernu Sigurðardóttir. Erna hefur alltaf verið boðin og búin að taka að sér allskonar sjálfbóðaliðastörf fyrir félagið og færum við henni kærar þakkar fyrir það.

Námskeiðshald

Bjarki Þór Gunnarsson, Elisabeth Marie og Fanney Gunnarsdóttir komu og voru með helgarnámskeið. Ásdís og Siguroddur buðu uppá námskeið fyrir þá sem vildu fá leiðsögn fyrir gæðingamótið okkar. Magnús Lárusson var með námskeið um að gera hest reiðfæran.

Æskulýðsnefndin fór með 14 krakka á helgarnámskeið á Skáney og þykir þetta alltaf jafn gaman.

Mótahald

Opið íþróttamót Snæfellinga fór fram sunnudaginn 30.apríl í Grundarfirði. Langur dagur þegar flokkarnir eru svona margir. En allt gekk vel og hratt fyrir sig og við náðum að klára um kvöldmatarleytið. Æskulýðsnefndin sá um veitingasöluna.



Sigurvegarnir í fjórgangi V2 – Fullorðins flokkur – 1. Flokkur

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina- 2.flokkur

Nadine E. Walter og Grund frá Kóngsbakka

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina – 1. flokkur

Siguroddur Pétursson og Sól frá Söðulsholti

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina – ungmennaflokkur

Gróa Hinriksdóttir og Mímir frá Grundarfirði

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina –unglingaflokkur

Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir

Samanlagður sigurvegari fjórgangsgreina – barnaflokkur

Ari Osterhammer Gunnarsson

Samanlagður sigurvegari fimmgangsgreina – 1. flokkur

Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir og Gosi frá Staðartungu

Stigahæsti knapi mótsins

Siguroddur Pétursson

Gæðingamótið

Gæðingamótið fór fram í Stykkishólmi 3. júní og var þátttakan góð. Fínur dagur sem verður ekki of langur þegar bara er einblítt á gæðingakeppnina. Æskulýðsnefndin sá um veitingasöluna.

Hestur mótsins: Hnokki frá Reykhólum, eigandi Lárus Ástmar Hannesson

Hryssa mótsins: Stöð frá Bergi, eigendur Anna Dóra Markúsdóttir og Jón Bjarni Þorvarðarsón

Knapi mótsins: Anna Dóra Markúsdóttir

Efnilegasti knapinn: Haukur Orri Bergmann Heiðarsson



Snæfellingismótaröðin

3 mót sem eru haldin í reiðhúsunum í Stykkishólmi og Ólafsvík og úti á vellinum í Grundarfirði.

Létt og skemmtileg keppni þar sem er reynt að ná til sem flestra og reyna að fá nýtt fólk til að prófa sig í léttari keppni.

60 ára afmæli Snæfellinga

Afmælið var haldið á Fosshótel í Stykkishólmi og var hestamannafélögunum á Vesturlandi boðið að koma. Mjög góð mæting og fylltum við salinn á hótelinu. Notuðum við tækifærið og veittum viðurkenningar á afmælishátíðinni fyrir efstu ræktunarhrossin í hverjum aldursflokk, ræktunarbúið, íþróttaknappa og þotuskjöldurinn var einnig veittur. Fyrr um daginn bauðst hestamönnum að koma reiðhöllina í Stykkishólmi og taka létt spjall og þiggja veitingar.



Þotuskjöldurinn

Þotuskjöldurinn viðurkenning sem Leifur Kr. Jóhannesson gaf félaginu til minningar um heiðursverðlauna hryssu sína Þotu frá Innra-Leiti.

Snæfellingar voru heppnir þegar þessi ungi maður var ráðinn sem ráðanautur hér á Snæfellsnesið og koma þá heim í átt Hagana þó að lagt hafi verið hart að honum að taka að sér starf ráðunautar í Borgarfirði en hann valdi átt Hagana þrátt fyrir fortölur um að enginn sé spámaður í sínu fæðurlandi.



Þessi ungi maður var Leifur Kr. Jóhannesson og í ár langar okkur í Snæfelling að heiðra minningu Leifs og allt það sem frábæra starf sem hann vann fyrir Snæfelling og alla hestamenn.

Leifur var einn helsti hvatamaður að stofnun Snæfellinga og var ritari félagsins fyrstu níu árin. Leifur kom einnig að stofnum hrossaræktarsambands Vesturlands. Hann var gjaldkeri sambandsins fyrstu 13 árin. Leifur var alla tíð öflugur hrossaræktandi, og hafði mikinn áhuga á ræktunarmálum. Held að spor hans liggi víða í ræktun. Var sjálfur keppandi og sýndi hross í kynbótasýningu. Kom að uppbyggingu Kaldármela og fyrstu fjórðungsmótanna sem voru haldin þar. Hann tók þátt í landsþingum hestamanna, var varamaður í stjórn LH, varaformaður og formaður Landsambandsins.

Leifur var gerður að heiðursfélagi í Snæfelling 2011 og hlaut Gullmerki ÍSÍ á 50 ára afmæli Snæfellinga 2013.

Við skulum því hugsa til hans með virðingu og þökk fyrir mörg gæfuverkin. Leifur lést 20. júlí 2023.

Viðurkenningar

Íþróttaknapi: Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir

Hestar

5.vetra: Höfði frá Bergi, aðaleinkunn 8,39 ræktandi: Anna Dóra Markúsdóttir

6 vetra: Sjarmur frá Ólafsvík, aðaleinkunn 8,34 ræktendur: Hrefna Rós Lárusdóttir, Stefán S. Kristófersson

7 vetra Kraftur frá Hellnafelli aðaleinkunn: 8,0 ræktandi: Kolbrún Grétarsdóttir

Hryssur

5 vetra: Gullborg frá Haukatungu Syðri 1 aðaleinkunn: 7,52 ræktendur: Ólafur Pálsson, Guðrún Alda Ólafsdóttir

6 vetra Stöð frá Bergi, aðaleinkunn 8,36 ræktendur Anna Dóra og Jón Bjarni

7 vetra: Berglín frá Bergi, aðaleinkunn 8,27 ræktandi Anna Dóra Markúsdóttir

Ræktunarbúið Berg, ræktendur Anna Dóra og Jón Bjarni

Höfði frá Bergi aðaleinkunn: 8,39

Berglín frá Bergi aðaleinkunn: 8,27

Stöð frá Bergi aðaleinkunn: 8,36

Hildur frá Bergi aðaleinkunn: 8,24

Framkvæmdir

Reiðveganefndin

Snæfellingur fékk úthlutað reiðvegafé úr reiðvegaskjóðum Landsambands Hestamanna.

Reiðvegafé kr. 1.566.883. og til lagningar ferðaleiða kr. 640.452. Samtals kr. 2.207.335.

Í ár var unnið fyrir 2.299.529

Snemma í vor var hafist handa við lagningu vegar fyrir enda flugbrautarinnar á Rífi, þetta var gert áður en frost fór úr jörðu. Þegar leið á sumar og vegurinn sestur var farið aftur og lagað til

vegstæðið og bætt á efni, þetta verk vann TS vélaleiga ehf í Ólafsvík í samstarfi við Stefán Kristófersson. Kostnaður við þetta verk var kr. 1.545.938.

Ferðaleið

Í haust var svo farið í að leggja veg niður í fjöru neðan við Kolviðarnes, þarna hefur verið grýtt leið og vonandi verður þessi framkvæmd til bóta við að fara ofan á Löngufjörur. Verktaki við þessa framkvæmd var Vélverk ehf í samvinnu við ábúanda á Kolviðarnesi Jón Oddson. Kostnaður við þetta verk var kr. 756.132.

Snæfellingur fór aðeins fram úr heimildum en fékk uppbót á heimildirnar frá Vegagerð.

Fyrir hönd Reiðveganeftndar

Ólafur Tryggvason

Lokaorð

Framundan er landsmótsár og spennandi verður að sjá hvaða hestar komast á landsmót fyrir hönd Snæfellinga. Rekstur félagsins gengur almennt vel og margir félagsmenn tilbúnir til að leggja fram vinnuframlag í formi sjálfböðavinnu og flott að enda þessa skýrslu á að færa þeim sem lagt hafa á sig sjálfböðavinnu ÞAKKIR:

Fyrir hönd stjórnar,

Herborg Sigurðardóttir

Formaður



Skotfélag Snæfellsness

Aðalfundur félagsins verður haldinn í apríl 2024

Stjórn félagsins:

Jón Pétur Pétursson – formaður

Mandy Nachbar – gjaldkeri

Guðmundur Andri Kjartansson – Ritari

Birgir Guðmundsson – meðstjórnandi

Dagný Rut Kjartansdóttir – meðstjórnandi

Arnar Geir Diego Ævarsson – meðstjórnandi

Arnar Guðlaugsson – meðstjórnandi

Arnar Hreiðarsson – meðstjórnandi

Unnsteinn Guðmundsson – meðstjórnandi



Nú er nýtt ár gengið í garð og við óskum félagsmönnum okkar og skotáhugafólki öllu gleðilegt nýtt ár. Nýliðið starfsár hefur verið gæfuríkt með mikið af skemmtilegum viðburðum. Starfsemi félagsins hefur sennilega aldrei verið öflugri og mikil uppbygging er hjá félaginu. Nýliðið starfsár einkenndist af miklum framkvæmdum á æfingasvæðinu auk þess sem okkar fólk var duglegt á keppnisvellinum um allt land. Þá keypti félagið mikið af búnaði á árinu til þess að gera æfingaaðstöðu félagsmanna enn betri, sem mun vonandi skila sér í enn meiri áhuga og betri árangri hjá félagsmönnum. Einnig má nefna skemmtilegar skotvopnasýningar sem sjálfbóðaliðar félagsins stóðu fyrir en við erum svo lánsöm að eiga mikið af sjálfbóðaliðum sem eru tilbúnir að starfa fyrir félagið. Þrír þeirra voru heiðraðir á árinu auk þess sem félagsmenn voru heiðraðir fyrir góðan árangur á keppnisvellinum.

Félagsmenn heiðraðir

Um áramótin fór fram val á íþróttamanni Grundarfjarðar við hátíðlega athöfn í Samkomuhúsi Grundarfjarðar. Þar áttum við einn fulltrúa en Unnsteinn Guðmundsson var tilnefndur fyrir skotiþróttir. Við sama tilefni ákvað íþrótt- og tómstundanefnd Grundarfjarðar að standa fyrir þeirri nýbreytni að veita sjálfbóðaliðum í baklandi íþróttastarfs og tómstunda þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf sitt. Þrír fulltrúar Skotfélags Snæfellsness voru heiðraðir en það voru þeir Birgir Guðmundsson, Unnsteinn Guðmundsson og Þorsteinn Björgvinsson. Þeir voru allir



stofnendur félegsins og hafa starfað fyrir félagið af líf og sál í 35 ár. Við færum þeim allar okkar þakkir.

Skotvopnasýning á Veiðisafninu

Um miðjan mars var Skotfélag Snæfellsness með stóra byssusýningu á Veiðisafninu á Stokkseyri í samstarfi við Veiðisafnið og verslunina Veiðihornið. Um er að ræða árlega byssusýningu Veiðisafnsins þar sem skotfélögum og skotveiðiverslunum er boðið að koma og sýna skotvopn og varning tengdan skotveiði.



Að þessu sinni var það félagið okkar sem var með sýningu og Veiðihornið var með kynningu skotvopnum og vörum frá versluninni. Sýningin stóð yfir alla helgina frá kl. 11:00 til 18:00 og komu nokkur hundruð gestir til að sjá sýninguna. Til sýnis voru fjölmörg skotvopn og einnig gátu gestir tekið þátt í léttum spurningaleik sem við vorum með í samstarfi við Veiðihornið.

PR22 í Digranesi

Í byrjun mars var haldið 22 LR mót í PRS stíl hjá Skotíþróttafélagi Kópavogs. 18 keppendur voru skráðir til leiks og keppt var í fjórum riðlum og skotnar voru 5 þrautir. Við áttum þar 2 keppendur en það voru þau Heiða Lára og Pétur Már. Heiða Lára endaði í 4. sæti og Pétur Már í því ellefta. Hægt er að sjá meira um úrslit mótsins á Facebook síðu PRS Ísland.



Landsmót í loftskammbyssu

Um miðjan mars var svo Landsmót í loftskammbyssu og loftríffil haldið hjá Skotíþróttafélagi Kópavogs í Digranesi. Mótið var mjög fjölmennt en 30 skyttur tóku þátt í mótinu og þar af áttum við tvo keppendur, en það voru þau Heiða Lára og Pétur Már. Í kvennaflokki endaði Heiða Lára í þriðja sæti með 535 stig. Pétur Már fékk 446 stig.

Heiða Lára – lengst til vinstri



Héraðsþing HSH – Heiða Lára heiðruð

Þann 28. apríl fór fram 82. Héraðsþings HSH, en það var í höndum UMF Eldborg þetta árið og var haldið í félagsheimilinu Lindartungu í Kolbeinsstaðahreppi. Þingið var haldið að Lindartungu til þess að fagna 100 ára afmæli HSH, sem var einmitt stofnað í Kolbeinsstaðahreppi árið 1922.

Skotfélag Snæfellsness átti 4 fulltrúa á þinginu en það voru Jón Pétur, Dagný Rut, Arnar Geir Diego og Heiða Lára. Farið var yfir hefðbundin fundarstörf og veittar voru viðurkenningar fyrir Íþróttamenn HSH vegna ársins 2022.



Mynd frá Héraðsþingi HSH

Heiða Lára var valin skotiþróttamaður HSH, en Heiða Lára hefur verið framúrskarandi í flokki kvenna og hefur þar að auki keppt í blönduðum flokki með góðum árangri.

Á árinu 2022 tók Heiða Lára þátt í 23 keppnum og vann til 10 gullverðlauna, 5 silfurverðlauna og einna bronsverðlauna. Hún varð veiðirifflameistari kvenna, Silhouette meistari kvenna með fullt hús og Íslandsmeistari í loftbyssugreinum. Þar að auki varð hún Íslandsmeistari í blönduðum flokki í BR50 og bætti Íslandsmetið um 18 stig.



Vorvek - framkvæmdir

Þegar sólin fór að hækka á lofti hófust framkvæmdir á æfingasvæðinu. Allir riffilbattarnir voru lagfærðir fyrir sumarið og smíðaðir voru ný skotmörk úr stáli sem sett voru upp í riffilbrautinni og hvert þeirra merkt með fjarlægðarmerki. Þetta var liður í því að bæta æfingaaðstöðu félagsmanna enn meira.



Kári Hilmarsson og Gunnar Ásgeirsson

PRS mót í Keflavík

Um miðjan maí fór fram PRS mót hjá Skotdeild Keflavíkur í Höfnum en mótið var hluti af Íslandsmeistaramótaröðinni í PRS. Þar áttum við tvo keppendur en það voru þau Dagný Rut og Arnar Geir. Kepptu þau bæði í verksmiðjuflokkinum og stóðu sig með mikilli þrýði. Arnar Geir náði þeim árangri að sigri mótið og Dagný Rut fékk bronsverðlaun. Hægt er að sjá meira um mótið á Facebooksíðu PRS Iceland.



Íþrótt- og æskulýðsnefnd í heimsókn

Þann 22. maí kom íþrótt- og æskulýðsnefnd Grundarfjarðarbæjar í heimsókn á skotæfingasvæðið ásamt íþrótt- og tómstundafulltrúa Grundarfjarðarbæjar. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna sér starfsemi félagsins og framtíðarsýn. Eftir stutta kynningu á félaginu fengu þau auðvitað að prófa að skjóta og svo endaði heimsóknin með góðu spjalli. Við þökkum íþrótt- og æskulýðsnefndinni og Ólafi íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir góða heimsókn.



Aðalfundur

Aðalfundur Skotfélags Snæfellsness. Haldinn í félagshúsnaði félagsins í Hrafnkelsstaðabotni miðvikudaginn 24. maí kl. 20:00.

Jón Pétur formaður bauð alla velkomna á fundinn. Hann byrjaði á að þakka þeim félagsmönnum sem stóðu fyrir skotvopnasýningu á Veiðisafninu dagana 18. og 19. mars fyrir þeirra framlag. Það voru þau Guðmundur Andri, Dagný Rut, Samúel Pétur, Heiða Lára og Pétur Már. Að því loknu var farið yfir hefðbundin aðalfundarstörf og ný stjórn var kosin.

Jón Pétur var kosinn formaður. Jón Pétur hefur gengt starfi formanns undanfarin 12 ár og ekkert mótframboð barst að þessu sinni. Framboð Jóns Péturs var samþykkt samhljóða og var hann endurkjörinn til eins árs.

Borin var upp sú tillaga að fjölgað yrði um 2 í stjórn félagsins vegna mikillar uppbyggingar og stórra verkefna. Greidd voru atkvæði um það hvort fjölgað yrði í stjórninni eða ekki og fór kosninginn á þann veg að 18 vildu að fjölgað yrði, 1 var á móti og 1 skilaði auðu. Ákveðið var því að fjölga í stjórn félagsins um 2 stjórnarmenn og verða þeir því 9 í stað 7 áður.

Tveir af sjö eldri stjórnarmönnum ákváðu að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn félagsins og 10 félagsmenn buðu sig fram til stjórnarstarfa. Greidd voru atkvæði um hverjir skulu skipa stjórn félagsins. Nýja stjórn félagsins skipa: Jón Pétur Pétursson, Birgir Guðmundsson, Unnsteinn Guðmundsson, Arnar Hreiðarsson, Arnar Geir Diego Ævarsson, Guðmundur Andri Kjartansson, Arnar Guðlaugsson, Dagný Rut Kjartansdóttir og Mandy Nachbar.



Frá aðalfundi félagsins 2023

Sjómannadagsmót

Í byrjun júní var árlegt Sjómannadagsmót í leirdúfuskotfimi haldið á æfingasvæði félagsins. Fyrst og fremst er þetta skemmtimót en í karlaflokki sigraði Gísli Valur Arnarson og í flokki kvenna sigraði Dagný Rut Kjartansdóttir. Þetta mót er orðinn fastur liður hjá félaginu og alltaf jafn skemmtilegt. Hjá mörgum félagsmönnum er þetta upphafið af sumrinu því þetta er yfirleitt fyrsta mót ársins hjá okkur.

Framkvæmdir

Það var mikið um framkvæmdir á æfingasvæðinu á árinu. Hafist var handa við lóðarfrágang umhverfis nýja skothúsið. Við fengum aðflutt mikið magn af burðarhæfu efni sem auðvelt er að móta og slétta. Svo var grasfræjum sáð á völdum stöðum. Öll húsin voru máluð að utan og sett var einangrun í loftið á nýja skothúsinu. Sett var upp sírena og viðvörunarljós í skothúsinu sem notað verður til að tryggja öryggi þegar skotfólk fer upp í riffilbrautina. Þá var einnig hafist handa við að undirbúa uppsetningu á innréttingu í kaffistofuna.



Íslandsmeistaramótið í BR50

Íslandsmeistaramótið í BR50 var haldið á Akureyri dagana 10. og 11. júní. Þar áttum við tvo keppendur en það voru þau Heiða Lára og Pétur Már. Vindurinn var aðeins að stríða keppendum, en á laugardeginum var keppt í Sporter- og Light Varmint flokkum. Þá var veður ágætt, þurrt og milt en nokkur vindur sem hringsnerist um skotvöllinn og gerði keppendum erfitt fyrir.

Á sunnudeginum bætti í vindinn og var hann enn verri viðureignar. Þegar riðill 3 var að skjóta blað nr. 2, kom vindhviða og feikti vindrellum um allt, og eitt keppnisspjaldið lét sig hverfa á haf út. Þurfti hann því að byrja upp á nýtt. Þetta gerðist svo aftur þegar riðill 1 var á síðasta blaði en þá fannst keppnisspjaldið aftur og var svo haldið áfram þegar allt var komið aftur á sinn stað. Þrátt fyrir vind þá var þetta skemmtilegt mót og er Skotfélagi Akureyrar þakkað fyrir góðar móttökur.



*Heiða Lára og Pétur Már
í fremstu röð*

Búnaður fyrir skotæfingar

Á nýliðnu ári fjárfesti félagið í nýjum búnaði til skotæfinga til viðbótar við fullt af nýjum skotmörkum. Í júní keypti félagið nýja skotklukku sem notuð er við æfingar og keppni. Klukkan nemur skothvelli og skráir niður millitíma milli skota. Klukkan er algjörlega nauðsynleg við keppni í PRS sem er ein vinsælasta keppnisgreinin hjá okkur. Þá keyptum við ný sýnileikavesti sem ætluð eru til nota á æfingasvæðinu. Nýju vestin eru appelsínugul og merkt "starfsmaður", en eins og flestir vita eru gömlu vestin gul. Þau eru ætluð fyrir skotfólk og gesti. Enginn á að fara upp í riffilbrautina án þess að vera í sýnileikavesti. Þá keypti félagið einnig ný heyrnarskjól fyrir félagsmenn.



Vel heppnað PRS mót

Í lok júní fór fram Íslandsmeistaramót í PRS riffilskotfimi á æfingasvæðinu okkar, en mótið var hluti af Íslandsmeistaramótaröðinni sem alls telur 6 mót. Keppt var í tveimur flokkum, opnum flokki og verksmiðjuflokki. Skotið var á tveimur brautum samtímis og alls voru skotnar

14 þrautir sem skiptust niður á tvo daga. Fyrri daginn voru skotnar 8 þrautir og seinni daginn 6 þrautir. Sigurvegari mótsins var Stefán Eggert Jónsson með 95 "hit". Í öðru sæti var Þorgrímur Dúi Jósefsson með 81 "hit" og rétt á eftir var Einar Pétursson með 80 "hit".

Dagný Rut fékk fyrstu verðlaun í verksmiðjuflokknum en hún var eini keppandinn sem keppti í þeim flokki. Heilt yfir var skemmtilegt mót og mikil stemmning var í hópnum.

Meira af PRS

PRS er ein vinsælasta keppnisgreinin hjá okkar félagsmönnum þessa stundina.

Í september hélt félagið innanfélagsmót í PRS á æfingasvæðinu okkar. Helgin byrjaði á opinni PRS æfingu á föstudaginn þar sem óvanir gátu fengið tilsögn og kennslu.

Mótið var svo á laugardaginn og skotnar voru 6 þrautir. Kári Hilmarsson stóð uppi sem sigurvegari, Þorsteinn var í öðru sæti og Arnar Geir í þriðja sæti, en hann sá um allan undirbúning og skipulagningu mótsins. Dagný Rut var eina konan sem tók þátt í mótinu. Við þökkum Adda fyrir frábært mót.

Um miðjan september fór svo fram PRS mót á Geitasandi hjá Skotíþróttafélaginu Skyttur. Þar áttum við tvo keppendur en það voru þau Arnar Geir og Dagný Rut en þau voru mjög dugleg að keppa í sumar. Þau kepptu bæði í verksmiðjuflokki og skiptu með sér fyrsta og öðru sæti.



PRS mótaröðinni lauk svo í október með öðru móti á Geitasandi þar sem keppt var í tveimur flokkum, opnum flokki og verksmiðju flokki. Mótaröðin samantendur af 6 mótum þar sem 3 bestu mótin gefa stig í keppninni um Íslandsmeistaratitilinn.

Okkar fólk var að standa sig mjög vel en Arnar Geir stóð uppi sem Íslandsmeistari í verksmiðju flokki og Dagný Rut var í öðru sæti í sama flokki. Alls tóku 10 keppendur þátt í verksmiðju flokknum. Í opna flokknum endaði Kári Hilmarsson í 6. sæti af 26 keppendum sem er frábær árangur, Arnar Geir var í 17. sæti og Gunnar Ásgeirs var í 20. sæti, en hann tók þátt í einu móti og vann til bronsverðlauna á því móti. Við óskum þeim öllum til hamingju með glæsilegan árangur.

Arnar Geir, Dagný Rut og Kári Hilmarsson



Heiða og Pétur kepptu í Tékklandi

Í lok júlí fór okkar fólk, Heiða Lára og Pétur Már til Tékklands að keppa ásamt tveimur öðrum íslenskum keppendum, en það voru þau Kristján Arnarson og Rosa Millán frá Skotíþróttafélagi Norðurlands. Að morgni 28. júlí hélt íslenski hópurinn af stað til Tékklands, flogið var með Icelandair til Prag. Fyrst var æfingadagur þar sem keppendur fengu að kynnst keppnisbrautinni. Mótið sjálft stóð svo yfir í 3 daga og okkar fólk keppti í nokkrum flokkum. Þau voru mjög ánægð með dvölinni í Tékklandi og eru strax farin að horfa til Finnlands þar sem næsta mót verður haldið árið 2025.



Pétur Már og Heiða Lára - lengst til vinstri

Önnur starfsemi á æfingasvæðinu

Með bættri æfingaaðstöðu þá hefur aðsóknin í æfingasvæðið aukist til muna. Þar eru nú stundaðar skotæfingar flesta daga ársins auk þess sem það er notað fyrir skotpróf. Félagið hefur boðið upp á skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn um árabíl, en þeim skal vera lokið fyrir 1. júlí ár hvert. Skotprófin gengu mjög vel í ár og var aðeins 5,6% fall þannig að það er greinilegt að veiðimenn hafa verið að undirbúa sig betur en áður. Á síðasta ári var 42,3% fall.

Þá hefur lögregluembættið á vesturlandi fengið æfingasvæðið til afnota reglulega undanfarin ár til skotæfinga og til að þreyta skotpróf. Skotfélagið okkar hefur átt gott samstarf við lögregluembættið alveg frá stofnun félagsins.

Framkvæmdir

Þegar leið á sumarið héldu framkvæmdir áfram á æfingasvæðinu.

Sólarsella: Félagið fjárfesti í mjög öflugri sólarsellu sem sett var upp á æfingasvæðinu. Eins og flestum félagsmönnum er kunnugt þá er ekki útlit fyrir að við fáum rafmagn á næstu misserum, en með þessari fjárfestingu er verið að bæta aðstöðu félagsmanna og öryggi enn frekar.

Öryggismyndavélar: Með sólarsellunni voru settar upp eftirlitsmyndavélar og annar búnaður svo hægt sé að fylgjast með eignum félagsins og fylgjast með veðri á æfingasvæðinu. Sett var upp myndavélar bæði innanhúss og á útisvæðinu.



Hliðgrind: Sett var upp hliðgrind við aðkomuna að skotæfingasvæðinu. Hún er til þess að koma í veg fyrir óæskilegar ferðir um ríffilbrautina og tryggja öryggi á skotæfingasvæðinu

Steyputunna: Öflugur hópur félagsmanna kom saman til þess að steypa á skotsvæðinu. Steyptur var veggur við útiborðin til að afmarka skotbrautina. Einnig var byrjað að steypa gangstétt upp að riffilböttunum og sömuleiðis steyppt fundament undir tröppur við skothúsið. Markmiðið er að ganga frá lóðinni umhverfis nýja skothúsið. Við þökkum öllum þeim félagsmönnum sem greiddu félagsgjöldin fyrir þeirra framlag til félagsins því án þeirra gætum við ekki haldið uppbyggingunni áfram.

Byrjað var að steypa veggi fyrir tröppur fyrir framan skothúsið, hafist var handa við að steypa undirstöður undir nýja félagsheimilið okkar og steyppt var gangstétt við riffilbrautina. "Steini gun" fékk steypubílinn lánaðan og Almenna umhverfisþjónustan ehf. bjargaði okkur um steypu. Við færum þeim bestu þakkir fyrir.



Aðstöðuhúsið klætt að utan: Fyrir veturinn náðum við að klæða aðstöðuhúsið að utan, eða vélaskúrinn eins og hann oft er kallaður. Skúrinn var upprunalega byggður utan um gömlu ljósavélina árið 1988, en hefur síðustu ár einnig gegnt hlutverki sem geymsluskúr fyrir áhöld og lager. Sumarið 2022 var skúrinn stækkaður úr 11m² í 30m² því með auknum umsvifum á æfingasvæðinu þá hefur þörfin fyrir gott geymsluhúsnaði aukist. Skúrinn var klæddur að utan svo hann samsvari sig vel með öðrum byggingum á svæðinu. Markmiðið er að hafa öll húsin snyrtileg og í stíl.

Formannafundur

Í byrjun október var haldinn formannafundur þar sem formenn íþróttafélaga innan HSH funduðu með stjórn HSH (*Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu*). Formaður Skotfélags Snæfellsness sat fundinn og þótti fundurinn mjög góður. Rædd voru ýmis mál s.s. heildarstefna HSH, samstarf milli aðildarfélaga, þjálfaramál, samgöngumál iðkenda milli sveitarfélaga, gæðahandbók fyrir þjálfara- og foreldra iðkenda o.fl.

Þá fékk hvert aðildarfélag smá tíma til að segja frá starfi síns félags og segja frá framtíðaráformum og vandamálum. Það voru allir sammála um að gott samstarf muni efla öll aðildarfélögin og stjórn HSH er tilbúin að styðja við félögin eftir fremsta megni.

Stórskemmtileg sýning

Þann 3. nóvember vorum við með stórskemmtilega sýningu í tilefni af Rökkurdögum sem haldnir voru í Grundarfirði. Sýningin var skipulögð af félagsmönnum og þar gafst fólki tækifæri til þess að kynna sér íþróttaskotfimi og skotvopn, fræðast um starfsemi Skotfélags Snæfellsness og spjalla um skotíþróttir og veiði.

Fjöldi fólks mætti til að skoða sýninguna en sýningunni var skipt upp í nokkra flokka en þar var herrifflapema, veiðirifflapema, skammbyssupema, skotfimi, PRS, veiði, haglabyssur og kúrekaþema þar sem okkar maður Steini "gun" var fremstur í flokki. Þetta var stórskemmtilegt kvöld þar sem félagsmenn skemmtu sér vel og ekki var annað að sjá en að gestir sýningarinnar hafi líka skemmt sér vel.



Tilnefningar – íþróttafólk heiðrað

Skotfélag Snæfellsness tilnefndi Dagnýju Rut sem íþróttamann Grundarfjarðar árið 2023. Íþrótt- og æskulýðsnefnd Grundarfjarðar óskar ár hvert eftir tilnefningum frá íþróttafélögunum og velur svo íþróttamann ársins í lok árs. Viðkomandi aðili sem tilnefndur er skal hafa lögheimili skráð í Grundarfirði.



Dagný Rut hefur verið einn af okkar fremstu keppendum um árabíl og náði t.a.m. góðum árangri í PRS mótaröðinni síðasta sumar.

Arnar Geir var tilnefndur sem íþróttamaður HSH árið 2023. Héraðssamband Snæfells- og Hnappadalssýslu óskar ár hvert eftir tilnefningum sem íþróttamaður ársins og í ár var það Addi sem var tilnefndur af Skotfélagi Snæfellsness.



Addi hefur verið mjög virkur í starfi félagsins á árinu sem er að líða og tekið þátt í fjölda móta. Hann náði góðum árangri í PRS mótaröðinni, en þetta er 6 móta mótaröð þar sem keppt er um allt land og þrjú bestu mótin telja til stiga. Arnar Geir tók þátt í öllum mótum ársins og stóð uppi sem Íslandsmeistari í verksmiðjuflokknum, en keppt er í tveimur flokkum.

Þá hefur Addi staðið fyrir útbreiðslu PRS innan félagsins okkar, en hann var m.a. með opna æfingu fyrir félagsmenn og sá einnig um skipulagningu og framkvæmd innanfélagsmóts í greininni þar sem félagsmönnum gafst tækifæri til þess að kynna þessari nýju keppnisgrein.

Það má með sanni segja að nýliðið ári hafi verið mjög gott ár hjá skotfélagi Snæfellsness. Félagið hefur fengið mikla athygli á landsvísu fyrir mikla uppbyggingu og gott starf. Okkar fólk er að keppa um allt land og standa sig vel. Félagsmönnum er alltaf að fjölga og nýir iðkendur að bæta í hópinn. Æfingaaðstaðan er sömuleiðis alltaf að verði betri og við hlökkum til að halda áfram öflugum starfi á nýju ári.

F.h. Skotfélags Snæfellsness

Jón Pétur Pétursson – formaður Skotfélags Snæfellsness

Golfklúbburinn Mostri

Ágætu félagar, árið 2023 gekk vel hjá okkur í Mostra, hvort sem litið er til vallarins og umhirðu hans, reksturs, umsjónar í golfskála og á tjaldsvæði eða mótahalds.

Starfsmenn á vellinum voru þrír síðastliðið sumar, Sindri Þór Guðmundsson vallarstjóri, Elías Viðar Guðmundsson og Magni Hafþórsson. Sinntu þeir vellinum með þryði og fékk völlurinn mikið lof frá þeim gestum sem spiluðu hjá okkur. Bjargey Jónsdóttir, Ingigerður Hjartardóttir og Um-Ayush Khash-Erdene báru hitann og þungann af starfsemi í skálanum og umsjón með tjaldsvæðinu og var þjónustunni í skálanum ekki minna hælt en vellinum. Auk þessara starfsmanna komu hinir ýmsu aðilar og hlupu undir bagga þegar á þurfti að halda og fá þeir miklar þakkir fyrir. Nú í ár, eins og svo mörg fyrri, hafa félagsmenn unnið óeigingjarnt sjálfbóðastarf í þágu klúbbsins. Það eru forréttindi að starfa með öllu því frábæra fólki sem lagt hefur hönd á plóg með einum eða öðrum hætti og vil ég þakka þessum félagsmönnum fyrir þeirra framlag til þess að gera þennan góða golfklúbb enn betri.

Borið var á flatir þann 16. apríl og fyrsti sláttur á flötum var þann 3. maí. Stærsta framkvæmdin sem ráðist var í á vellinum á liðnu ári var nýr stígur að og frá 9. teig. Auk þess voru tré gróðursett og dren grafið á 1. og 2. braut. Vallarmörk sem lágu meðfram 3. braut voru fjarlægð og vítasvæði sett austan við 8. braut að flöt. Þá hófst undirbúningur að því að byggja upp rauða teiga á 2. og 4. braut ásamt færslu og uppbyggingu á nýjum rauðum teig á 5. braut.

Þann 27. júní var haldinn félagafundur til að ræða um og leita samþykkis fyrir stækkun og viðhaldi á golfskálanum. Sú vinna hófst þann 29. september 2023 og stendur enn yfir. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna töfðust framkvæmdir og við erum því miður komin styttra á leið en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Mótahald og mótstjórn gekk vel í umsjá mótanefndar undir tryggri stjórn og handleiðslu Hólmgeirs.

Fyrsta mót sumarsins var haldið 14. maí og það síðasta 17. september. Stóru mótin okkar voru á sínum stað sem eru Þórsnesmótið og Hjóna- og paramótið sem haldið hefur verið í samstafi við Fosshótel og Golfsögu og var það fullbókað eins og undanfarin ár. Meistaramót Mostra var haldið í kringum mánaðarmótin júní-júlí og voru 26 þátttakendur í þeim fjórum flokkum sem keppt var í. Ólíkt fyrri árum þá kepptu allir flokkar einungis þrjá daga þar sem fyrsta degi var aflýst vegna veðurs. Einnig var sú nýjung á meistaramótinu að hægt var að fylgjast með lifandi skori í skálanum á meðan á leik stóð. Ekkert varð af vinaklúbbakeppni GMS og GVG þetta árið og eru uppi hugmyndir að breyta fyrirkomulagi keppinnar til að reyna auka þátttöku.

Klúbbmeistarar Mostra árið 2023 eru:

Í 1. flokk kk Margeir Ingi Rúnarsson

Í 1. flokk kvk Karín Herta Hafsteinsdóttir

Í 2. flokki kk Rafn Júlíus Rafnsson

Í 3. flokki kk Magnús Þór Jónsson

Á liðnu ári fengum við einnig til okkar tvö önnur stærri mót. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Stykkishólmi og var keppt annarsvegar í golfi á Víkurvelli og hins vegar var þútt mót haldið hér á æfingaflötinni okkar. Þá var Íslandsmót golfklúbba í 4. deild karla haldið á Víkurvelli sem lauk með sigri okkar manna. Utanumhald og framkvæmd þessara móta gekk vonum framar og á mótstjórn mikið hrós skilið fyrir sína vinnu, sú skoðun er þó kannski ekki alveg hlutlaus.

Auk stóru mótanna okkar voru að venju hin ýmsu minni mót eins og miðvikudagsmótin, sem haldin voru í sex skipti, einstæðingurinn, Jónsmessumót, spottamót og fleiri. Var tímabilinu svo slúttað með bændaglímunni og veisluhöldum.

Skipuð var ferðanefnd á árinu sem hóf undirbúning að sameiginlegri golfferð klúbbsins í tilefni 40 ára afmælis hans undir lok árs. Er þeirri vinnu að mestu lokið og einungis verið að bíða staðfestingar á dagsetningum og verði frá ferðaskrifstofu.

Sett voru upp ný skilti við afleggjarann og á golfskála vegna tjaldsvæðis sem skilaði sér í talsvert betri mætingu gesta í skálann.

Guðni Sumarliðason tók að sér að setja á laggirnar heimasíðu fyrir klúbbinn sem ég geri ráð fyrir að allir félagsmenn skoði daglega. Í júní var Guðni einnig með golfnámskeið fyrir krakka og annað í ágúst fyrir konur og var þátttaka á þeim betri en nokkur þorði að vona. Áætlað er að halda áfram með það starf og í gangi er samtal við þjálfara sem mun að öllum líkindum koma til okkar í sumar og vera með námskeið og einkakennslu ef áhugi er fyrir því.

Rekstur klúbbsins gekk ágætlega árið 2023. Var klúbburinn rekinn með rúmlega 4,3 milljón kr. hagnaði og er handbært fé klúbbsins 14.063.145 kr., en nánar verður farið yfir reikninga hér á eftir. Klúbburinn er því í ágætis stöðu hvað varðar fjármögnun á þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi. Á þessu og næsta ári eigum við einnig von á styrkjum frá bænum sem voru forsendur þess að ráðist var í stækkun skálans samhliða viðhaldi á klæðningu hans. Við vorum þó ekki laus við óvænt útgjöld á liðnu ári. Það var mikið af bilunum á tækjunum okkar síðasta sumar og lentum við í þeirri óheppilegu stöðu að allar okkar vélar voru bilaðar rétt fyrir sveitakeppnina. Það vill til að við eigum góða nágranna hér á nesinu og fengum við lánaðar vélar frá golfklúbbunum Vestarr og Jökull. Flatarvélin okkar fór í framhaldi í allsherjar yfirhalningu í fyrsta skipti í mörg ár og keyptar voru tvær handslátturvélar fyrir flatir svo ólíklegra sé að við lendum í sambærilegri pattstöðu aftur. Vinnubíllinn gaf sig einnig undir lok sumars og þar sem ekki var hægt að fá varahluti í hann var hann seldur. Tekinn var á leigu rafmagnsbíll út tímabilið og er nú búið að panta nýjan vinnubíl sem er væntanlegur í vor.

Skráðir félagar í golfklúbbum Mostra voru 98 talsins í byrjun febrúar 2024.

Að lokum vil ég þakka meðstjórnendum mínum í stjórn fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári.

Með þökkum fyrir frábært golfár og tilhlökkun til þess næsta,

Magnús Þór Jónsson, formaður.

Golfklúbbur Staðarsveitar



Aðalfundur Golfklúbbs Staðarsveitar var haldinn í Athvarfinu klúbbhúsi golfklúbbsins í Vatnsholti þann 20.02.2024. Á aðalfundinum var Ársskýrsla og Ársreikningur fyrir árið 2023 samþykkt samhljóða.

Stjórn GST

Formaður: Haukur Þórðarson

Ritari: Kristján Þórðarson

Gjaldkeri: Jón Svavar Þórðarson

Vara formaður: Kristinn Jón Einarsson

Varagjaldkeri: Þorkell S. Símonarson

Vararitari: Ólafur Jóhannes Sólmundsson

Golfklúbbur Staðarsveitar er lítill klúbbur en félagar eru 44 og um 20% virkir sem sjá um rekstur og viðhald vallar og véla í sjálfböðavinnu. Aðkeypt vinna er í lámarki.

Árskýrsla formanns

Starf Golfklúbbs Staðarsveitar árið 2023 var með hefðbundnum hætti. Rekstur Garðavallar undir Jökli gekk þökkalega ekki síst fyrir velvilja fjölda fyrirtækja sem lögðu okkur lið með fjárstuðningi og tekjum af gestum sem hefur haldist síðan á covid tímanum og erlendir ferðamenn hafa látið sjá sig á ný. Hófum samstarf með Gistihúsinu Langaholti árið 2019 og buðum upp á tilboð sem hefur aukið tekjur okkar. Tíðafarið var hagstætt mest allt sumarið og gekk vel að halda vellinum í góðu lagi. Félagatal stendur í stað og alltaf eldist hópurinn sem stendur vaktina og sinnir vellinum. Það er samt engan bilbug að finna á félögum.

Mótastarf

Golfsumarið var tekið snemma með svokölluðu **Kríumóti** sem haldið var snemma í maí og var vel mætt af félögum okkar frá öllum klúbbum héðan af Snæfellsnesi og víðar af Vesturlandi.



Afmælistótt Öllarana var haldið í júlí til heiðurs tuga afmælum Svavars og Kristjáns á Ölkeldu en þeir eru stofnfélagar og helstu stuðningsmenn klúbbsins og þar fyrir utan þokkalegir golfarar. Mynd: Ræsing mótsins.



Töðugjöld voru á dagskrá í ágúst eins og undanfarin ár. Opið mót sem Hótel Búðir styrkir með frábærum vinningum.

Tuddamótið var haldið 2. september. Þetta mót er opið punktamót með glæsilegum verðlaunum úr sveitinni. Þetta mót var líka meistaramótið okkar félaga í GST. Meistarar klúbbsins þetta árið urðu Kristján Þórðarson klúbbmeistari án forgjafar og Jón Svavar Þórðarson klúbbmeistari með forgjöf. Hlutu þeir veglega bikara til geymslu eitt ár og fá nöfn sín grafinn á þá. Um kvöldið eru svo haldin uppskeruhátíð klúbbsins.

Framkvæmdir.

Haldið var áfram að laga völinn eins og fjármagn leyfði.

Tveir starfsmenn voru við störf á vellinum megnið af sumrinu. Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að setja upp vökvunarkerfi á öll grín vallarins og í sumar var haldið áfram þeirri vinnu og hefur það stórbætt ástand grínanna því þau eru viðkvæm fyrir þurrkum enda öll á sandlagi. Unnið er að bættri upplifun gesta af vellinum með góðri umhirðu og bættu aðgengi og liður í því var að hannaðir voru setbækkir og þeim komið fyrir við alla teiga og göngubrú yfir á 3. teig. Þá var völlurinn metinn upp á nýtt vegna forgjafar og merkingar endurnýjaðar og birtist þetta vonandi í sumar. Nýr teigur var svo gerður á 4. braut. *Mynd 4: teigur í mótun.*



Rekstur Félagsins og framtíðarsýn.

Það er kostnaðarsamt að halda úti golfvelli með dýrum tækjum og mikilli vinnu en okkur hefur tekist það undanfarin ár og verið heppnir með að tækin hafa ekki verið bilanagjörn en þau eru komin á aldur og þörf á endurnýjun. Þar horfum við til róbóta sem er að okkar mati sú lausn sem getur valdið því að litlir vellir og klúbbar eins og við rekum í dag haldi velli því kynslóð sjálfboðaliða er líklega senn á enda eða verður ekki eins öflug og okkar kynslóð þekkir sérstaklega á svæðum með fækkandi fólki.



Lokaorð

Það er alltaf áttak í gangi til að fá fleiri heimamenn til liðs við klúbbinn með kennslu í golfi og nýttir klúbburinn nú golfhermir til þess að laða fólk að íþróttinni og sérstaklega börn af svæðinu.

Er það von okkar að það verði einhver fjölgun í klúbbnum á næstu árum. Síðustu tvö ár hefur klúbburinn unnið að því að koma sér upp klúbbhúsi með aðstöðu fyrir félagsstarf og golfhermi. Það hafðist að koma því gagnið í desember 2020 og er aðstaðan hin glæsilegasta. En hvað sem fjármálum og ytri aðstæðum líður á komandi ári stefnir Golfklúbbur Staðarsveitar ótrauður á gera félagsmönnum sínum til hæfis og að bæta völinn sinn þannig að það verði eftirsóknarvert fyrir alla að koma og spila hann.

Haukur Þórðarson formaður



Golfklúbburinn Jökull

Mikil gróska var í starfi golfklúbbsins á síðasta ári. Fjölgun í klúbbum var á milli ára, bæði gengu nýir golfiðkendur í klúbbin og einnig iðkendur sem hafa spilað golf áður. Ánægjulegt var að sjá að konum er að fjölga og sýna þær einnig innra starfi klúbbsins mikinn áhuga.

Framkvæmdir á nýja golfvelli á Rífi ganga vel, mikill vöxtur var á flötunum sem sáð var á í fyrra og eru félagar spenntir að sjá hvernig sprettan á flötunum verður í sumar. Búið er að setja niður vökvunarbúnað, sem var talsvert verk og kostnaðarsamt. En allt tókst þetta með hjálp sjálfboðaliða og annarra velunnara klúbbsins. Í sumar var sáð í brautirnar, og í sumar (2024) þá er planið að móta teiga og fleira. Vonir eru bundnar við að hægt verði byrjað að spila á árinu 2026.

Mikil notkun hefur verið á golfherminum sem við keyptum 2021. Ljóst er að það mun koma kylfingum vel þegar þeir komast á vellina í vor. Félagasamtök, s.s. Lions hafa verið dugleg að nýta sér herminn og er það von okkar að það verði til þess að það verði enn frekari fjölgun í klúbbum.

Á hverjum þriðjudegi í fyrrasumar voru haldin þriðjudagsmót. Mót þessi eru mjög vinsæl hjá klúbbmeðlimum, þar hittast golfarar og taka spjall yfir kaffibolla eftir hringinn og bera saman höggafjölda.

Á þriðjudagsmótunum höfum við hvatt nýliðana að koma og taka þátt í þessum mótum. Þessi hvatning hefur gefist vel og er gaman að sjá nýja kylfinga taka sín fyrstu skref á þessum mótum.

Klúbburinn spilaði í sveitakeppni GSÍ sem haldin var á Hornafirði í fimmtu deild og komumst við upp um deild. Einnig sendum við sveit í 50+ sveitakeppnina sem haldin var á Hellishólum.

Meistaramót GJÓ var haldið í ágúst. Auður Kjartansdóttir vann í kvennaflokki og Rögnvaldur Ólafsson í karlaflokki.

Sigurður Gunnarsson var starfsmaður á vellinum í sumar ásamt Daða Kárasyni og Guðbirni Smára Birgissyni. Sigurður hafði yfirumsjón með viðhaldsverkum og slætti. Sigurður og félagar nostraðu við völlinn og gerðu vel í allri hirðingu og viðhaldi á vellinum og kunnum við í stjórninni þeim bestu þakki fyrir.

Það er von okkar að árið 2024 verði öllum golfurum gjöfult og skemmtilegt.

Með kveðju og von um ánægjulegt golfsumar,

Stjórn GJÓ,

Jón Bjarki Jónatansson formaður

Rögnvaldur Ólafsson varaformaður

Jóhann Pétursson gjaldkeri

Hjörtur Ragnarsson ritari

Hjörtur Guðmundsson meðstjórnandi

Ríkharður Kristjánsson meðstjórnandi

Golfklúbburinn Vestarr

Aðalfundur var haldinn 10. janúar 2023

Stjórn GVG 2023

Formaður, Garðar Svansson

Ritari, Hinrik Konráðsson

Gjaldkeri, Anna María Reynisdóttir

Meðstjórnendur, Hugrún Elísdóttir, Heimir Þór Ásgeirsson

Lilja Magnúsdóttir, Sigurþór Jónsson, Helga Reynisdóttir

Skráðir félagar og iðkendur: 285

Skýrsla GVG

Árið hefur verið ágætt til golfiðkunar. Einnig hefur árið verið gott til framkvæmda.

Öflugir sjálfboðaliðar hafa lagt fram mikla vinnu í endurbætur á skálanum okkar. Færum við þeim okkar bestu þakki fyrir gott starf. Í haust voru fengnir iðnaðarmenn til að klára klæðningu utan á skálann. Á komandi vori er svo að klára að ganga frá pallinum við skála.

Við vorum einnig með einstaklega öfluga starfsmenn í sumar. Þær Steinunn og Nikkí voru í skálanum og buðu þar upp á þjónustu við kylfinga og góðar veitingar.

Umhirða vallar var svo í höndum Bents og Patryks sem skiluðu miklu verki í sumar. Að auki var Bent með kennslu fyrir börn einu sinni í viku. Gekk það með ágætum og er ætlun að halda því áfram næsta sumar. Eigum við þessu starfsfólki mikið að þakka.

Mótahald var með hefðbundnum hætti. Þáttaka var þökkaleg þó smá vonbrigði væru með þátttöku í meistaramóti klúbbsins. Rekstur klúbbsins var með ágætum og vonir eru að geta komist í framkvæmdir á vellinum sjálfum. Undirbúningur við vökvunarkerfi er hafin og var leitað til félagsmanna með fjármögnun á úða stútum við flatir. Undirtektir voru frábærar og á haustmánuðum var vökvunarkerfi keypt og er tilbúið til niðursetningar þegar tækifæri gefst.

Það hefur verið markmið að auka umferð greiðandi kylfinga á Bárarvöll og hefur aukning orðið en þó með minni mæli en okkur langar. Í sumar gafst okkur tækifæri á að koma vellinum að í sjónvarpsþættinum Kylfingurinn, sem var sýndur á Stöð 2. Var það gert með stuðning Grundarfjarðarbæjar.

Landeigandi sendi erindi til stjórnar í haust þar sem hann óskaði eftir samtali um framhald á samstarfi og samningum um rekstur Bárarvallar. Haldinn var einn fundur og málin rædd ýtarlega. Óskað hefur verið eftir hugmyndum frá landeiganda um framhald þar á.

Samningur við Grundarfjarðarbæ um slátt á opnum svæðum rann út á árinu og hefur verið óskað eftir framlengingu á þeim samningi, fengist hefur jákvætt svar þar um. Áætlað er að viðræður fari fram fljótlega eftir áramótin.

Við erum bjartsýn á framtíð og starf klúbbsins á komandi ári og hlökkum til að sjá sem flesta á vellinum í sumar. Bæði í leik og keppni. Stjórn GVG